



Öldurnar gengu yfir hafnarbakkann við Geirsgötu í gær þegar veturinn lét aftur sjá sig á höfuðborgarsvæðinu eftir einstakt blíðviðri undanfarna daga. Vegagerðin þurfti meðal annars að loka veginum að Kjalarnesi og þá var Holtavörðuheidið einnig lokað. Veðurstofan spáir norðanátt og frosti um helgina en hlýna mun í veðri frá og með mánudeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Draga trúverðugleika dómskjals í efa

Lögmaður gerir athugasemd við stofnefnahagsreikning sem var lagður fram í fyrirtöku á 2,3 milljarða króna skaðabótamáli Lyfjablóms ehf. gegn Þórði Má Jóhannessyni og Sólveigu Pétursdóttur. Málið var sent aftur heim í hérað af Landsrétti í desember.

**DÓMSMÁL** Jón Þór Ólason, lögmaður Lyfjablóms ehf., dregur í efa trúverðugleika dómskjals sem Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Þórðar Má Jóhannessonar, fyrrverandi forstjóra Straums-Burðaráss og fjárfestingarfélagssins Gnúps, lagði fram í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um er að ræða stofnefnahagsreikning Þufubjargs (Þufubjarg ehf. verður síðar Gnúpur) sem var lagt fram í fyrirtöku í 2,3 milljarða króna skaðabótamáli Lyfjablóms gegn Þórði og Sólveigu Pétursdóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sem situr í óskiptu dánarbúi eiginmanns síns, Kristins Björnssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Gnúps.

Stofnefnahagsreikningur Þufu-

Skjalið ber ekki með sér að hafa verið samþykkt, staðfest eða skilað inn. Tilvist skjalsins og trúverðugleiki þess er í algjöru uppnámi.

Jón Þór Ólason



bjargs, sem var lagður fram í málinu nýlega af lögmanni Þórðar Má, er óundirritaður og ekki í samræmi við stofnefnahagsreikning Gnúps, sem er undirritaður af bæði Þórði

og endurskoðanda KPMG. Sama dagsetning er hins vegar á báðum skjölum.

Í hinum óundirritaða stofnefnahagsreikningi er að finna skammtímaskuld við lánastofnanir að upphæð 1.600 milljónir, sem er ekki til staðar í undirritaða skjalinu. Skaðabótamál Lyfjablóms snýr meðal annars að millifærslum upp á samtals 1.600 milljónir frá Gnúpi í tengslum við þátttöku Þórðar í félaginu. Við aðalmeðferð í héraði árið 2019 könnuðust hvorki Þórður né endurskoðandi Gnúps við millifærslurnar.

„Þeir leggja fram skjal sem á að heita stofnefnahagsreikningur. Þetta er skjal sem enginn hefur séð áður og þetta er þriðja atrennan í þessu máli

og það hefur aldrei komið fram,“ segir Jón Þór, en hart hefur verið tekið á í málinu á síðustu árum. Þórður og Sólveig voru sýknuð í héraði árið 2019 á grundvelli fyrningarlaga og tómlætis stefnanda, en Landsréttur ómerkta dóminn og sendi málið heim í hérað til efnislegrar meðferðar í desember 2020. „Skjalið ber ekki með sér að hafa verið samþykkt, staðfest eða skilað inn. Tilvist skjalsins og trúverðugleiki þess er í algjöru uppnámi,“ bætir Jón Þór við.

Stofnefnahagsreikningur Gnúps, sem Lyfjablóm leggur fram, er hins vegar bæði undirritaður af Þórði Má og endurskoðanda Gnúps, KPMG, ásamt því að vera stimplað af Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem reikningurinn var lagður fram

í dómsmáli árið 2013 af hálfu slita-stjórnar Glitnis gegn Þórði Má. Það mál var fellt niður. „Við leggjum fram skjal sem er stofnefnahagsreikningur Gnúps, sem er skjal sem var skilað inn, staðfest og undirritað. Svo leggja þeir fram skjal sem hvorki er staðfest af framkvæmdastjóra né endurskoðanda,“ segir Jón Þór, sem mótmælti sönnunargildi dómskjalsins við fyrirtöku málsins.

Frjálst sönnunarmat dómara gildir um skjölin tvö, en Jón Þór telur að seinni stofnefnahagsreikningurinn muni ekki hafa nein áhrif á aðalmeðferð málsins í vor, en næsta fyrirtaka er í apríl.

Arnar Þór, lögmaður Þórðar Má, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband. – mhj

Mmm ... mangó best núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN



Töluverður órói hefur verið undanfarinn sólarhring. FRÉTTABLAÐID/ANTON

## Komu fyrir auka vefmyndavélum

**ELDGOS** Veðurstofa Íslands hefur komið fyrir tveimur vefmyndavélum til að vakta betur svæðið á milli Fagradalsfjalls og Keilis sem talinn er líklegasti staðurinn, komi til eldgoss. Ein myndavélin sýnir yfir Fagradalsfjall og Keili og hin er aðeins austar og sýnir að Trölladyngju.

Visindaráð Almannafræðingaráðs í gær um jarðskjálftahrinuna á Reykjaneskaga, en sérfræðingar telja að kvikan muni ekki brjóta sér leið upp á yfirborðið með látum. Fyrstu fregnir af eldgosi á Reykjanesi gætu því komið frá sjónarvottum en ekki mælitækjum Veðurstofunnar, eins og gerðist árið 2010 þegar eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi.

Jarðskjálftafræðingar Veðurstofunnar hafa sömuleiðis fjölgað mælum á svæðinu um eina nýja skjálftastöð og tíu GPS-stöðvar. –bb

## Hetja hjólar gegn vindi



Vetur konungur minnti örlítið á sig í gær og áfram mun eitthvað blása. Þó margir hafi klætt sig upp, sett upp húfu og vettlinga og tekið jafnvel stóru þykku úlpuna niður úr skápnum í morgunsárið, þá voru sumir, eins og þessi herramaður, sem fóru í vetrarspandexið og hjólaði af stað til vinnu. Nokkur fjöldi landsmanna hjólar alla daga í öllum veðrum um allt land og finnst það ekkert tiltökumál, en líður vel á eftir. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Nú er beðið milli vonar og ótta við fjöldasmit. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

## Svör um nýja bylgju koma í dag

**COVID-19** Alls voru 194 í sóttkví og 17 í einangrun vegna COVID. Dagurinn í dag gæti ráðið úrslitum um hvort ný bylgja sé í vændum en enginn greindist í gær.

Breska afbrigðið af veirunni hefur haft þann sið að greinast síðar í ferlinu en enginn greindist í gær. Hvorki starfsmenn eða sjúklingar Landspítalans né tónleikagestir sem sóttu tónleika Víkinga Heiðars.

Allur hópurinn fer í seinni skimun í dag.

Þá var enginn starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar með COVID eftir seinni skimun og sneru því starfsmenn aftur til vinnu. Stór hluti starfsmanna var sendur heim úr vinnu á mánudaginn eftir að smit greindist hjá sambýlismanni starfsmanns sem vinnur á rannsóknarstofu í byggingunni. –bb

# Skipulagsstjóri hafnar risaaparólu í Perlunni

Ósk um að fá að setja upp zip-línu úr Perlunni og niður í Öskjuhlíð er hafnað. Skipulagsfulltrúi borgarinnar segir deiliskipulag ekki gera ráð fyrir slíku. Það sé heldur ekki vilji borgarinnar að breyta skipulaginu til að svo megi verða.

**SKIPULAGSMÁL** Ekki fæst leyfi fyrir svokallaðri zip-línu sem ná átti um 235 metra ofan af Perlunni til suðurs og inn í skógarrjóður neðar í Öskjuhlíðinni. Um er að ræða eins konar aparólu í tveimur línunum sem félagið sem rekur Perluna, Perla norðursins ehf., vildi fá að setja upp. Embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkur segir í umsögn um ósk Perlu norðursins að zip-línan sé áhugaverð hugmynd um notkun á verðmætu útivistarsvæði í miðri höfuðborg. Óskað sé eftir afnotum af borgarlandi til að setja upp gáma og tengda aðstöðu fyrir línuna.

„Í gildi er deiliskipulag þar sem ekki er gert ráð fyrir þessari afþreyingu eða þjónustu á þessu svæði,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúans. Jafnframt standi til að leggja svokallaða Perlufesti í nágrenni svæðisins. Þann stíg eigi eftir að hanna í samræmi við vinningstillögu í samkeppni fyrir nokkrum árum.

„Jafnframt má deila um hvort umrædd starfsemi sem sótt er um sé svæðinu almennt til hagsbóta eða auki á notkun þess til útivistar eða afþreyingar með tilliti til sérstöðu svæðisins er varðar náttúru og útivistarskóg í þéttbýli,“ bætir skipulagsfulltrúinn við.

Bent er á að Öskjuhlíðin sé einn af borgargörðum borgarinnar, meðal annars ásamt Elliðaárdal, Fossvogsdal, Klambatrúni, Vatnsmyri og Laugardal. Gert sé ráð fyrir því að styrkja sérstöðu og sérkenni svæðanna, þannig að hvert svæði bjóði upp á ólíka möguleika til útivistar og afþreyingar.

„Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, sat fastur í zip-línu í Viktoriurgarði er hann var borgarstjóri í London á árinu 2016. FRÉTTABLAÐID/GETTY

**Má deila um hvort umrædd starfsemi sem sótt er um sé svæðinu almennt til hagsbóta eða auki á notkun þess til útivistar eða afþreyingar.**

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og almennrar frístundaíðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum,“ rekur skipulagsfulltrúinn.

Meginstefnu í skipulagi Öskjuhlíðar segir skipulagsfulltrúi þá að svæðið þjóni áfram hlutverki sínu sem einn helsti útivistarskógurinn innan þéttbýlissvæðis borgarinnar. Uppbyggingu innan og í jaðri svæðisins skuli halda í lágmarki.

„Lagt er því til að heimila ekki uppsetningu á zip-línu á borgarlandi með tilheyrandi gámaþæði, með vísan til þess að það samræmist ekki gildandi deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíðina, né er það vilji borgarinnar að breyta skipulaginu til að koma slíkrri starfsemi inn á skipulag,“ segir í umsögninni þar sem Perlu norðursins er ráðlagt að leita annað með hugmynd sína.

„Lagt er til að umsækjandi skoði aðra möguleika í borgarlandinu með uppsetningu á zip-línu sé vilji til að fylgja verkefninu eftir,“ segir embætti skipulagsfulltrúans.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúans hafnaði skipulagsstjóri borgarinnar að samþykkja zip-línuna.

Ekki náðist í framkvæmdastjóra Perlu norðursins við vinnslu fréttarinnar. gar@frettabladid.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

## ALLSHERJAR- ATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörstjórn Vlf. Hlífar auglýsir framboðsfrest vegna kosningar fulltrúa Vlf. Hlífar í fulltrúaráð Gildis Lífeyrissjóðs fyrir kjörtímabilið 2021-2023.

Tillögum um 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, fimmtudaginn 18. mars 2021.

Fulltrúalisti uppstillingarnefndar liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 10. mars 2021.

Tillögumnum skulu fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Vlf. Hlífar

✓ Ástandsskoðun

✓ Fjármögnun á staðnum
















✓ Mikið úrval

ALLT AÐ  
**700.000 kr.**  
AFSLÁTTUR!

# TILBOÐ

## Á NOTUÐUM BÍLUM

Gríptu  
tækifærið  
í mars og  
keyrðu betur  
í vetur!

<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 147805</p> <p><b>TOYOTA Yaris Live</b> Nýskr. 08/19, ekinn 49 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.190.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.890.000 kr.</b></p> <p>22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 147710</p> <p><b>SKODA Octavia Ambition</b> Nýskr. 07/18, ekinn 51 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 2.790.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.490.000 kr.</b></p> <p>29.660 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>500.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 332736</p> <p><b>RENAULT Clio Zen Sport Tourer</b> Nýskr. 05/18, ekinn 40 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.390.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.890.000 kr.</b></p> <p>22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 431284</p> <p><b>DACIA Duster Comfort 2wd</b> Nýskr. 08/18, ekinn 48 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.690.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.390.000 kr.</b></p> <p>28.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 110810</p> <p><b>RENAULT Captur Intens</b> Nýskr. 01/18, ekinn 36 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.490.000 kr.</b></p> <p>29.660 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 110793</p> <p><b>DACIA Sandero</b> Nýskr. 04/18, ekinn 95 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 1.190.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>890.000 kr.</b></p> <p>10.834 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 431030</p> <p><b>NISSAN Micra Tekna Bose</b> Nýskr. 11/17, ekinn 19 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.290.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.990.000 kr.</b></p> <p>23.777 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 431230</p> <p><b>HYUNDAI i10 Comfort</b> Nýskr. 06/17, ekinn 56 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 1.390.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.090.000 kr.</b></p> <p>13.187 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>400.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 332835</p> <p><b>NISSAN Juke Acenta Plus 4wd</b> Nýskr. 05/18, ekinn 101 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.290.000 kr.</b></p> <p>27.307 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>400.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 110760</p> <p><b>VW Golf Comfortline</b> Nýskr. 03/19, ekinn 59 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.390.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.990.000 kr.</b></p> <p>35.543 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
<p>AFSLÁTTUR <b>300.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 130331</p> <p><b>HYUNDAI i30 Classic</b> Nýskr. 03/19, ekinn 72 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.590.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.290.000 kr.</b></p> <p>27.307 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>500.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 392591</p> <p><b>RENAULT Megane Zen Sport Tourer</b> Nýskr. 07/17, ekinn 83 þ.km, dísil, beinskiptur. Verð 2.290.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.790.000 kr.</b></p> <p>21.424 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>700.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 147435</p> <p><b>SUBARU Forester Premium</b> Nýskr. 05/18, ekinn 123 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.890.000 kr.</b></p> <p>34.367 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>400.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 147459</p> <p><b>NISSAN Pulsar Acenta</b> Nýskr. 03/18, ekinn 53 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.290.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>1.890.000 kr.</b></p> <p>22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR <b>400.000 KR.</b></p>  <p>Rnr. 147411</p> <p><b>RENAULT Clio Intens</b> Nýskr. 10/19, ekinn 7 þ.km, bensín, beinskiptur. Verð 2.690.000 kr.</p> <p><b>TILBOÐ!</b> <b>2.290.000 kr.</b></p> <p>27.307 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>

Við erum í spjallfæri  
á **www.bilaland.is**



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílarir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bilaland**

www.facebook.com/bilaland.is

**Lykill**

\*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is.  
Árlegur hlutfallstegur kostnaður bílálana frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

# Stendur ekki í vegi fyrir breytingum á rekstri spilakassa

**SAMFÉLAG** Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði á opnum fundi Velferðarnefndar um spilafíkn, sem fram fór í gær, að hún myndi ekki standa í vegi fyrir breytingum á rekstrarumhverfi spilakassa.

Hún sagði þá hefð að Happprætti Háskólans fjármagnaði að hluta rekstur Háskóla Íslands ekki hafna yfir gagnrýni og að ekki væri rétt-

lætlegt að reksturinn byggðist að miklu leyti á fé frá spilafíklum. Fundinn sátu ásamt nefndinni og menntamálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra.

Á fundinum tilkynnti dómsmálaráðherra um starfshóp sem falið verður að kanna rekstrarumhverfi spilakassa á Íslandi og má



Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra.

vænta niðurstaðna í maí í síðasta lagi. Meðal verkefna starfshópsins verður að skoða hvort heimild sé í

lögum til að úthýsa rekstri spilakassa og gagnsemi spilakorta.

Ráðherrarnir voru sammála um að spilavandi hyrfi ekki með lokun spilakassa, en að mikilvægt væri að skoða málið frá hinum ýmsu hliðum. „Ég styð það að gerðar verði breytingar og minni á að það er Alþingi sem getur tekið þá ákvörðun,“ sagði Lilja.

Heilbrigðisráðherra sagði mikil-

vægt að muna að spilafíkn tilheyrði mengi annarra fíknisjúkdóma og að meðferð væri eftir því. Aðspurð um afstöðu sína til spilakassa og hvort hún myndi standa í vegi fyrir því að þeim yrði lokað svaraði Svandís: „Sem embættismaður hef ég ekki skoðun á því, en sem stjórnmalamaður tel ég að draga þurfi úr aðgangi að spilakössum.“ – bđj



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Launin greidd út fyrir mistök

**ATVINNULÍF** Mannleg mistök urðu til þess að Ábyrgðasjóður launa, sem heyrir undir Vinnuálastofnun, greiddi út vangoldin laun til fjögurra rúmenskra félagsmanna Eflingar, sem stefndu Mönnum í vinnu og Eldum rétt vegna vangoldinna launa, ólögmeats frádráttar af launum og vanvirðandi meðferðar.

» Vinnuálastofnun segir afgreiðslu á launakröfu úr þrotabúinu ekki hafa verið í samræmi við lög.

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í febrúar frá dómi kröfum Rúmenanna gegn Eldum rétt og þrotabú Manna í vinnu og sýknaði forsvarsmenn af kröfum starfsmannanna. Fulltrúar Eflingar, sem höfðu lýst því yfir að Efling ætlaði að skjóta málinu til Landsréttar, sögðu í tilkynningu í dag að með ákvörðun Ábyrgðasjóðs væri búið að bæta skaðann að vissu leyti og myndi stéttarfélagið því ekki taka dómsmálið lengra. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sagði þetta óvænta vendingu í málinu og viðurkenningu á að um ólögmeitan launafrádrátt hefði verið að ræða.

Ljóst er að málið hefur einnig komið öðrum á óvart, en Vinnuálastofnun segir afgreiðslu á launakröfu úr þrotabúinu ekki hafa verið í samræmi við lög og mun stofnunin taka málsmeðferð sjóðsins til endurskoðunar. – illk

# Loks tekið á mengun hersins á Heiðarfjalli á Langanesi

Þingmaður Vinstri grænna segir að nú sé komið að því að finna leiðir til að hreinsa Heiðarfjall á Langanesi, en þar gróf bandaríski herinn mikið magn spilliefna og annars úrgangs fyrir rúmri hálfri öld. Fyrirverandi formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á von á að Bandaríkin eða NATO komi að málinu.

**UMHVERFISMÁL** Hreyfing er komin á mál Heiðarfjalls á Langanesi þar sem bandaríski herinn skildi eftir mikið magn spilliefna fyrir rúmri hálfri öld. Landeigendur hafa þrýst mikið á að fá herinn til að hreinsa rafgeyma, oliu, blý og annan úrgang sem skilinn var eftir, eftir að Bandaríkjaher hætti rekstri ratsjárstöðvar á fjallinu. Alþingi hefur nú málið til meðferðar og skiptir gjörbreytt viðhorf til umhverfismála mestu þar um.

„Heiðarfjall er mengað. Það er svo einfalt,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, talsmaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í málinu. „Stóra úrlausnarefnið er að finna leiðir til að hreinsa það.“

Eftir að herinn yfirgaf stöðina árið 1970 skildi hann eftir úrgang á tveggja hektara svæði, grafinn fjóra til fimm metra ofan í jörðina. Lítið hefur verið gert í hreinsun síðan, enda verkið mjög umfangsmikið, og árið 1997 mældist blýmengun í grunnvatni. Á jörðinni, sem heitir Eiðar og er í eigu tveggja fjölskyldna, eru náttúrulegir grunnvatnsgeymar.

Í þrjátíu ár hafa fjölskyldurnar barist fyrir því að Bandaríkjamenn hreinsi svæðið og kærumál gengið bæði hér heima og erlendis, með stuðningi Þórshafnarhrepps (nú Langanesbyggðar). Meðal þeirra sem stefnt hefur verið er háttsett fólk úr bandarísku stjórnskipun, svo sem George W. Bush, Colin Powell, Donald Rumsfeld, sendiherrar og admíralar. Í fjórgang hafnaði ríkissaksóknari rannsóknarbeiðni og það gerði dómsmálaráðuneytið einnig. Dómsmálum fyrir íslenskum dómstólum og Mannréttindadóm-



Þórshafnarhreppur hefur þrýst lengi á að hreinsun fari fram á Heiðarfjalli, enda er það mengað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

» Ég tek undir þær athugasemdir að stjórnskipun hafi brugðist.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna

stólnum var einnig vísað frá.

Ögmundi Jónassyni, fyrirverandi ráðherra, var falið að afla gagna um málið þegar það rataði inn á borð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í formannstíð hans árin 2013 til 2016. Skrifaði hann minnisblað, ræddi við utanríkisráðherra og bandaríska sendiráðið.

„Það er eðlilegt að Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið komi að málinu því þeir bera ábyrgð,“ segir Ögmundur og jafnframt að jákvæðni hafi verið í þá áttina. Stjórnarskipti á Íslandi hafa hins vegar valdið töfum á málinu þar til nú.

Ögmundur segir málið ekki eingöngu snúast um landeigendurna, heldur Íslendinga og íslenska náttúru. „Viðhorfið til umhverfismála og mengunar herstöðva sé gerbreytt, ekki aðeins hér heldur á heimsvísu,“ segir hann og vísar til þess að Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið séu þegar að hreinsa upp gamlar herstöðvar, til dæmis í Kanada. Á hann von á þverpólitískri sátt um málið, bæði innanlands og gagnvart Banda-

ríkjunum. Umfangið sé mikið og eðlilegt að fjarsterkir aðilar eins og Bandaríkin og NATO komi að því.

Kolbeinn segir nefndina nú að vege og meta þau gögn sem liggja fyrir og muni koma með tillögur í kjölfarið. Vilji standi til þess að klára málið. „Ég tek undir þær athugasemdir að stjórnskipun hafi brugðist. En ef við festum okkur of mikið í fortíðinni gerist ekki neitt,“ segir Kolbeinn. Hann tekur undir að málið snúist fyrst og fremst um hagsmuni Íslands frekar en einstakra landeigenda. „Að mínu mati eiga íslensk stjórnvöld að ganga í það mál að hreinsa svæðið og í því ferli eignum við að leita til þeirra sem öllu menguninni og reyna að koma á sátt um það.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

## RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif. Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



4X4 JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.\*



4X4 JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.\*

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



MARGARITA



HAWAIIAN  
skinka og ananas

3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA

# ÚTIHVT

Minna álegg, miklu lægra verð!  
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-  
eða Hawaiian-pönnupizzu

1.699 KR



pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



PEPPERONI

# Ekki nægur skilningur hins opinbera á mikilvægi leiðsöguhunda

**FÉLAGSMÁL** Hundaræktarfélag Íslands og Félag ábyrgra hundaeigenda hafa skorad á ríki og sveitarfélög að taka þátt í kostnaði við leiðsöguhunda fyrir blinda.

Á Íslandi eru í dag nærri 20 manns á biðlista og biðin getur verið allt að 9 árum.

„Hefur það margsýnt sig og sannað að leiðsöguhundur veitir notanda mikið frelsi í daglegu lífi, eykur sjálfstæði viðkomandi og

lífsgæði til muna. Það er algjörlega ótækt að Blindrafélagið þurfi að standa í því sjálft að fjármagna kaup á leiðsöguhundum,“ segir Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður Hundaræktarfélagsins.

Á síðasta ári gat Blindrafélagið fjármagnað einn hund, en kostnaðurinn er á bilinu 4 til 5 milljónir króna.

Leiðsöguhundur hafa verið ræktaðir á Íslandi, en ekki í dag. Er

» Þjálfun leiðsöguhunda tekur nærri 2 ár.

þeir fluttir inn, til dæmis frá Svíþjóð, þar sem þeir ganga í gegnum þjálfunarferli. „Ferlið er langt en mótunin hefst strax þegar hundarnir eru hvolpar,“ segir Auður. Við

eins árs aldur fara þeir í próf og ef þeir standast það heldur þjálfunin áfram í 8 til 10 mánuði. Þá er gert annað próf og hundarnir paraðir við notanda. Eftir það hefst tveggja vikna samþjálfun þeirra.

Ekki eru allar hundategundir hentugar til að verða leiðsöguhundur. Auður nefnir helst labrador retriever sem hentað hafi hvað best í verkefnið. Í Svíþjóð hafi einnig verið notaðir schäfer og poodle.

„Það er augljóst að þörfin er mikil en ekkert virðist vera vítað um það hvort eða hvenær viðkomandi aðilar fái hund,“ segir Auður.

„Svo er mikilvægt að halda úti plani svo hægt verði að gera ráðstafanir fyrir þá sem nú þegar eru með hund. Að það sé vítað hvenær viðkomandi fái þá annan hund, þegar hinn hættir að geta sinnt hlutverki sínu enda tekur þetta þjálfunarferli töluverðan tíma.“ – khg



Landinn fjölmennti í Mývatnssveit um helgina. MYND/MARCIN KOZACZEK

## Íslendingar nú fleiri á hótélum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofnunni má áætla að gistinætur á hótélum í febrúar 2021 hafi verið um 46.800. Stærstur hluti gesta voru Íslendingar eða um 42.200 en gistinætur útlendinga voru um 4.700.

Gistinætur í febrúar 2020 voru 334.900 og miðað við það má áætla að orðið hafi um það bil 86 prósentu samdráttur í fjölda gistinátta í febrúar á milli ára. Áætla má að gistinóttum útlendinga hafi fækkað um 98 prósent en gistinóttum Íslendinga hafi fjölgað um 13 prósent. – bsh

## Nýtt janúarmet á íbúðamarkaði

**VIÐSKIPTI** Aldrei fyrr hefur verið jafnmikið að gera á íbúðamarkaði í janúar, samkvæmt nýrri mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Alls voru 907 kaupsamningar gefnir út í janúar, sem er þó töluverð lækkun sé miðað við desember, þegar gerðir vort rúmlega ellefu hundruð samningar.

Mikið er um að íbúðir seljist yfir ásettu verði á höfuðborgarsvæðinu. Rúm 16 prósent íbúða þar seldust yfir ásettu verði í janúar en hlutfallið fór hæst í tuttugu prósent í október í fyrra. Tuttugu prósent íbúða í fjölbýli seldust á ásettu verði og 26 prósent íbúða í sérþýli, miðað við þriggja mánaða meðaltal. – bñj

# Hræ af hnúfubak velkist um í sjónum við Garðskagavita

Hnúfubakur sem strandaði við Reykjanesskaga á þriðjudag vakti mikla athygli. Gísli A. Víkingsson sjávarlíffræðingur segir ekkert óeðlilegt við slíkt. Íbúar á Suðurnesjum nutu þess í vonda veðrinu að sitja inni í bilum og virða ferlikið fyrir sér í hlýjunni. Hnúfubaksstofninn er að braggast eftir mögur ár.

**UMHVERFISMÁL** Hnúfubakur strandaði nærri Garðskaga á Reykjanesskaganum á þriðjudag. Samkvæmt Magnúsi Stefánssyni, bæjarstjóra Sandgerðisbæjar og Garðs, hefur hvalurinn verið á reki í sjónum undanfarinn sólarhring, en ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um hvað verði gert við hræið.

Samkvæmt Gísla A. Víkingssyni, sjávarlíffræðingi hjá Hafrannsóknastofnun, þá hefur ekki myndast nógu gott aðgengi að hræinu fyrir sýnatöku eða frekari rannsóknir en Hafrannsóknastofnun er með málið inni á borði hjá sér.

„Það er auðvitað bara eðlilegt að hvali reki á land, af þessum fjölda sem er þá náttúrlega drepast þeir úr einhverju. En eitt af því sem við kíkjum eftir er hvort það séu einhverjir áverkar utan á. Eftir þá net eða hvað það gæti verið,“ segir Gísli.

Slíkt er fremur sjaldgæft en kemur þó fyrir enda er hnúfubakurinn það stór hveli sem kemur einna næst landi.

„Þeir sem eru hérna að vetrarlagi, á þessum árstíma, gjarnan í tengslum við loðnugöngur, eru mikið í loðnunni,“ segir hann, en meirihluti hnúfubaka ferðast suður á bóginn yfir vetrartímamann til að æxlast í kringum Karibahaf.

Íbúar Suðurnesja kíktu margir í bíltúr eftir að fréttist af strandinu til að berja ferlikið augum enda ekki á hverjum degi að hnúfubakur sé nánast í bakgarðinum. Þó veðrið hafi verið vont var heitt og notalegt inni í bil.

Gísli telur það ekki ólíklegt að hnúfubakurinn sem strandaði hafi tilheyrð þeim hluta stofnsins sem



Strandaður hnúfubakur vakti mikla athygli íbúa á Suðurnesjum. MYND/KATRÍN AUÐBJÖRG AÐALSTEINSDÓTTIR

» Þeir sem eru hérna að vetrarlagi, á þessum árstíma, gjarnan í tengslum við loðnugöngur.

Gísli A. Víkingsson, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.



» Stofninn hefur verið í örum vexti undanfarna áratugi og hefur fjöldi einstaklinga allt að sjöfaldast.

heldur til við Íslandsmið og hafi verið í loðnuleit þegar hann drapst. Samkvæmt Gísla er ekkert óeðlilegt að hnúfubakar strandi á þennan hátt en á bilinu einn til þrjá hvali

rekur að landi á ári hverju og stundum allt upp í sex einstaklinga.

Fram til ársins 1970 voru hnúfubakar sárásjaldgæfir vegna ofveiða á fyrri hluta 20. aldar, en stofninn hefur verið í örum vexti undanfarna áratugi og hefur fjöldi einstaklinga allt að sjöfaldast. Árið 1987 taldi Hafrannsóknastofnun innan við 2.000 hnúfubaka en undanfarin ár hefur stofninn talið á bilinu 10-15.000 einstaklinga. [thorvaldur@frettabladid.is](mailto:thorvaldur@frettabladid.is)

## Mikil skógareyðing af manna völdum

**UMHVERFISMÁL** Um tveir þriðju hlutar regnskóga heimsins hafa verið lagðir í eyði af manna völdum. Þetta kemur fram í niðurstöðum greiningar samtakanna Regnskóga-sjóður Noregs.

Þar kemur fram að um 34 prósentum upprunalegra regnskóga á jörðinni hefur verið eytt með skógarhöggi og ruðningi skóga fyrir landbúnað og annað. Þá hafa menn staðið að niðurbroti á 30 prósentum skóglendisins, sem gerir það viðkvæmara fyrir eldum og öðrum náttúrubreytingum.

Regnskógarnir gegna veigamiklu hlutverki í hlýnun jarðar, þar sem gríðarlegt magn kolefnis er bundið í þeim. Með eyðileggingu skóglendisins verður sífellt erfiðara fyrir þá regnskóga sem eftir standa að halda velli.

Frá árinu 2002 hefur yfir helmingur eyðileggingarinnar verið í Amazonfrumskóginum í Suður-



Mest hefur eyðileggingin verið í Amason-skóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ameríku og nærliggjandi skógum. Næst hefur eyðileggingin verið mest í Suðaustur-Asíu og Mið-Afríku.

Ágangur manna á skóglendi

Brasilíu hefur færst í aukana síðustu áratugi, ekki síst á síðustu árum undir stjórn Jairs Bolsonaro forseta landsins, sem hefur afnumið fjölda umhverfisreglugerða. – atv

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is) og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK



Elizabeth Arden  
white  
tea  
collection

UPPLIFÐU NÝJA ILMINN  
GINGER LILY

Elizabeth Arden  
white  
tea

GINGER LILY

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM Elizabeth Arden  
VÖRUM DAGANA 11. - 17. MARS**

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*

## MARKAÐURINN

## Gagnrýnir arðsókn Endurvinnslunnar

Heildsali gagnrýnir hækkun skilagjalds í samhengi við fjárhagsstöðu Endurvinnslunnar hf. Með einkarétt á sínu sviði og í blandaðri eigu hins opinbera og einkafyrirtækja. Framkvæmdastjórinn segir arðgreiðslur litlar og að tryggja þurfi fé til að viðhalda þjónustu.

**H**eildsali gagnrýnir la g a f r u m v a r p sem kveður á um hækkun á skilagjaldi drykkjarumbúða og festir í sessi heimild Endurvinnslunnar hf. til greiðslu á „hóflægum“ arði til hluthafa. Framkvæmdastjóri félagsins segir arðgreiðslur síðustu ára litlar, ekkert verði greitt út næstu fimm árin og tryggja þurfi nægt fjármagn til að viðhalda þjónustu.

„Hvers vegna eiga hluthafar Endurvinnslunnar, sem eru einkum stórfyrirtæki, að fá greiddan arð af skatti sem ríkið innheimtir af almenningi og drykkjarvörufyrirtækjum sem fæst eiga aðild að Endurvinnslunni?“ spyr Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri Distu, heildsölu með drykkjarvörur.

Alþingi hefur til umfjöllunar frumvarp þar sem kveðið er á um hækkun á skilagjaldi og umsýslubókun vegna drykkjarvöruumbúða. Skilagjaldið hækkar úr 16 krónum í 18. Frumvarpið tekur allan vafa af um heimild Endurvinnslunnar hf. til að greiða út „hófléga“ arð til hluthafa. „Ekki er bæði sleppt og haldið í umhverfismálum. Það að ná góðum skilum og endurvinnna allar umbúðir kostar. Til þess þarf að færa fórnir í hækkunum á umhverfisgjöldum,“ segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.



Töluvert hlutfé Endurvinnslunnar er nú til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Endurvinnslan, sem var stofnuð 1989, hefur einkarétt til að starfækja skilakerfi drykkjarvöruumbúða. Skilagjaldinu og umsýslubókuninni, sem ríkið innheimtir af framleiðendum og innflytjendum drykkjarvara, er ráðstafað til Endurvinnslunnar. Félagið greiðir út skilagjaldið til þeirra sem skila en heldur eftir restinni, það er að segja skilagjaldinu af þeim drykkjarvörum sem

ekki er skilað, ásamt allri umsýslubókuninni. Þá hefur Endurvinnslan tekjur af útflutningi á plasti og áli.

Eigendahópur Endurvinnslunnar er blanda af opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Stærstu hluthafarnir eru Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Coca Cola European Partners, sem eiga samanlagt 40 prósent hlut. Þau hafa aukið við hlut sinn síðustu ár. Áfengis- og tóbaks-

## Hagnaður breytist í tap

Hagnaður félagsins 2019 nam um 60 milljónum samanborið við 196 milljónir 2018. Eigið fé Endurvinnslunnar var um 1,2 milljarðar í árslok 2019. Helgi segir að verulegt tap hafi verið af rekstri fyrirtækisins 2020 og afkomuspá geri að óbreyttu ráð fyrir rekstrartapi næstu árin.

verslun ríkisins á 20 prósent hlut og ríkissjóður 18 prósent. Þá komu smásölufélögin Hagar, Samkaup og Krónan inn í hluthafahópinn á síðasta ári í stað Kaupmannasamtaka Íslands sem áttu um 20 prósent hlut.

Í greinargerð með frumvarpinu eru meginrökkin fyrir hækkun umsýslubókunar sögð þau að lækkun hafi orðið á álverði á heimsmarkaði og Endurvinnslan fái því minna fyrir ál sem flutt er út til endurvinnslu.

Sigurður bendir á að álverð hafi hækkad verulega á árinu. Þá hafi lækkun á gengi krónunnar skilað sér í aukinni innlendri neyslu á drykkjarvörum og auknu verðmæti útfluttra hráefna fyrir Endurvinnsluna. „Það virðist ekki nokkur þörf á að hækka gjöld sem skila sér á endanum í herra vöruverði til neytenda.“

Þá er vísað til óvissu í húsnæðismálum en skrifstofur og stærsta móttökustöð félagsins eru að Knarr-

arvogi þar sem móttæknar eru 45 milljónir eininga frá viðskiptavinum á ári. Þar er áformað að leggja Borgarlínu og reisa íbúðabyggð.

„Fyrirtækjum er bent á að fara upp í Esjumela en slíkt er ekki valkostur fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Helgi. „Endurvinnslan á að þjónusta viðskiptavinum og ná 90 prósentu skilum. Það verður ekki gert á Esjumelum. Því þarf fjármagn til að flytja og viðhalda góðri þjónustu.“

Uppreiknað stofnfé Endurvinnslunnar miðað við vísitölu neysluverðs er um 113 milljónir og arðgreiðslur frá stofnun nema 240 milljónum.

„Er ekki ásættanlegt að fá stofngjaldið 2,5-falt til baka í ljósi þess að fyrirtækið er stofnað í kringum umhverfisvernd og starfar í skjóli einkaleyfis?“ spyr Sigurður. Hann veltir fyrir sér með hvaða heimild hluthafar Endurvinnslunnar hafi greitt út arð. „Sú heimild hefur verið nógu óskýr og tvíráð, til að talið sé rétt og skylt að veita hana með sérstöku ákvæði í verraðum lögum.“

Helgi segir að erfiðlega hafi gengið að fá nýja hluthafa inn. Margir beri fyrir sig að þeir vilji ekki fjárfesta í félagi sem greiðir litinn arð.

Sem stendur er töluvert hlutfé Endurvinnslunnar til sölu fyrir áhugasama. „Litið verður þó um arð því að samþykkt hefur verið að greiða engan arð næstu fimm árin,“ segir Helgi. [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is)

## NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



## JAGUAR I-PACE HSE EV400

Nýskr. 1/2020, ekinn 8 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð 12.590.000 kr.**

Rnr. 420588.



## JAGUAR F-PACE 240D R-sport

Nýskr. 11/2017, ekinn 51 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 7.890.000 kr.**

Rnr. 332688.



## JAGUAR I-PACE SE EV400

Nýskr. 5/2019, ekinn 26 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð 9.990.000 kr.**

Rnr. 147825.



## RANGE ROVER EVOQUE SE Dynamic

Nýskr. 11/2015, ekinn 63 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 5.190.000 kr.**

Rnr. 420595.



## RANGE ROVER EVOQUE HSE

Nýskr. 2/2016, ekinn 41 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 5.990.000 kr.**

Rnr. 420599.



## RANGE ROVER SPORT HSE

Nýskr. 6/2017, ekinn 68 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 9.690.000 kr.**

Rnr. 147873.

**APPROVED**  
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**  
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík  
525 6500 / jaguarlandrover.is



# FRÁBÆRT ÚRVAL AF GÆÐA STURTUKLEFUM



ÁRMÚLI 31 | 588 73 32 | I-T.IS  
VIRKA DAGA 9-18 | LAUGARDAGA 11-14

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**



Loðmundur vinstra megin við Snækoll, sem er fyrir miðri mynd, og Fannborg til hægri. Á jöklinum neðan Fannborgar var rekinn skiðaskóli um áratuga skeið. MYND/ÓMB

# Loðni kallinn í Kelló

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

**K**erlingarfjöll eru þyrping allmargra litríkra líparittinda mitt á hálendi Íslands. Undir þeim lúrir megineldstöð sem ekki hefur gosið á nútíma en fæðir engu að síður eitt stærsta háhitasvæði landsins. Hverasvæðin eru þrjú og auka enn frekar á litadýrð Kerlingarfjalla sem voru friðlýst síðastliðið sumar. Úr fjarlægð geta fjöllin minnt á kerlingar á tali en nafnið er þó dregið af 25 m háum svörtum klettadrangi sem kallast Kerling og liggur í líparítskriðum fjallsins Tinds. Líkt og Tindur bera flest Kerlingarfjalla karlmannsnöfn og þar má nefna Ögmund, sem fyrsti íslenski jarðfræðingurinn Þorvaldur Thoroddsen gaf nafn eftir fylgdarmanni sínum, Ögmundi Sigurðssyni, Mæni og síðast en ekki síst Loðmund (1432 m). Hann er næsthæsti tindur Kerlingarfjalla, á eftir Snækolli (1488 m), og tvímælalaust þeirra tilkomumestur. Það gera snarbrött hamrabeltin sem umkringja hann eins og sítt há, en auk þess stendur hann afsíðis sem gerir hann sýnilegri.

Það er krefjandi að ganga á Loðmund en einstök upplifun. Úr Reykjavík eru 200 km að hálendismiðstöðinni í Ásgarði, þar sem gista má í herbergjum eða slá upp tjaldi. Þaðan er ekið upp fyrir hverasvæðin að svokallaðri Keis. Þar hefst gangan við jökulhrygg og er í fyrstu gengið eftir jökli sem getur verið sleipur og sprunginn. Því þarf jöklabúnað en fyrri hluta sumars má einnig notast við ferðaskíði. Stefnan er tekin á vesturhlíðar Loðmundar, sem státa af snarbrattri snjórennu upp á topp fjallsins. Sveigt er til hægri inn Loðmundargil með Snót á hægri hönd. Smám saman er komið að líparíthrygg sem hægt er að þræða sig eftir upp á Loðmund. Fara verður varlega því líparítið er laust í sér og klettur efst. Af sléttum tindinum býðst ótrúlegt útsýni að Hofsjökli og Þjórásarverum og enn austar sér í Vatnajökul. Langjökull blasir við í vesturátt og beint í suður er Kerlingarfjallaþríeykið Snót, Snækollur og Fannborg. Ofurhugar hafa gengið og jafnvel skiðað niður snjórennuna af Loðmundi, en af eigin reynslu mælum við með sömu leið niður. Sprækt göngufolk getur síðan þrætt hryggina að Snót yfir á Snækoll, og þaðan upp á Fannborg og ofan í Keis. Þetta er langur dagur sem upplagt er að ljúka í heitri náttúru-laug skammt frá Ásgarði.



Efri hluti Loðmundar er tilkomumikill, enda girtur hömrum með bröttum snjólægnum. MYND/GUÐMUNDUR JAKOBSSON.



Útsýni af Loðmundi er einstakt en í norður sér vel í Hofsjökul en í austur sést í Vatnajökul. MYND/ÓMB



Fókus á hjarta landsins



Nýr **CR-V**  
**e:HEV**

Tvinnbíll fyrir  
lengra komna



**Pantaðu reynsluakstur  
á CR-V tvinnbílnum á Honda.is**

**Honda e:TECHNOLOGY**

Nýr CR-V tvinnbíll. Viðbragðsgóður. Með akstursmýkt. Sparneytinn. Tvinnbíll fyrir lengra komna.



ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:

K.Steinarrsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/hondaisland

# Meðferð valds



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

**M**iklu skiptir að samskipti hins opinbera við borgarana gangi sem greiðast og fari fram af sanngirni með málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi.

Þetta tekst ekki alltaf. Nýjasta dæmið þar sem flest hefur farið úr lagi er sérkennilegar ákvarðanir mennta- og menningarmálaráðherra í máli sem varðar ráðningu ráðuneytisstjóra í ráðuneyti hennar. Þar fór ráðherrann á svig við jafnréttislag. Starfsmaðurinn, kona, sem taldi á sér brotið leitaði til kærufnfndar jafnréttismála því hún taldi að ráðning ráðherrans á samflokksmanni, karli, hefði brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í vel rökstuddum úrskurði kærufnfndarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að annmarkar hefðu verið á mati ráðherrans á konunni og karlinum sem starfið hlaut. Ráðherrann hefði vanmetið konuna samanborið við karlinn í þáttum sem vörðuðu menntun, reynslu af stjórnsýslu, leiðtogahefuleika og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, en þessi atriði voru sérstaklega fram tekin í auglýsingu sem birtist um starfið. Fyrir nefndinni hefði konan leitt nægar líkur að því að henni hefði verið mismunað á grundvelli kyns síns. Ráðherrann hefði á hinn bóginn ekki tekist að sýna fram á að aðrar ástæður en kyn hefðu ráðið niðurstöðunni.

Þessu vildi ráðherrann ekki una og stefndi konunni fyrir dóm til ógildingar úrskurðinum. Það er að sönnu sérkennilegt að stefna þurfi þeim sem leitar réttar síns fyrir úrskurðarnefndum til ógildingar á niðurstöðum stjórnvalda enda hefur því nú verið breytt. Það er ójafnt gefið þar sem íslenska ríkið fer gegn einstaklingi sem ekki aðeins á að njóta verndar og öryggis ríkisins sem íslenskur þegn, heldur er ofan í kaupnið starfsmaður þess. Þar sem atvikin urðu á gildistíma fyrri reglu, gildir hún.

Satt að segja er erfitt að koma auga á rökin sem ráðherrann studdist við þegar hún ákvað að draga skyldi konuna fyrir dóm. Og jafnvel þó þau væru til staðar hefði mátt láta gott heita og semja við konuna um bætur í stað þess að stefna henni fyrir dóm.

Nýlega féll svo vel rökstuddur dómur í málinu þar sem kröfu ráðherrans var hafnað. En ráðherrann lét sér ekki segjast og lýsti yfir að málinu yrði áfrýjað til Landsréttar. Raunum konunnar sem leyfði sér að bera ráðningu karlsins undir kærufnfndina er því ekki lokið.

Það er þó örli til bót í máli að einstaklingum í þessari aðstöðu er hlíf við málskostnaði. Fyrir utan eigin kostnað af málinu þarf ríkissjóður því að greiða 4,5 milljónir króna til verjanda konunnar.


Allt þetta fyrirkomulag, réttarfarsreglur sem leiddu til að menn þurfa sjálfir að verjast atilögum ríkisins vegna kröfu um ógildingar úrskurða og svo því hvernig ríkisvaldinu er beitt, er til þess fallið að draga kjark úr þeim sem lenda í því að á þeim er brotið. Einnig er ástæða til að óttast að þau verkfæri sem almenningur getur gripið til í svona aðstöðu verði bitlaus, með þeim afleiðingum að borgararnir leiti ekki með mál sín í kærufarveg.

Það væri dapurleg niðurstaða.



Satt að segja er erfitt að koma auga á rökin sem ráðherrann studdist við þegar hún ákvað að draga skyldi konuna fyrir dóm.

## Halldór



MYND ÞESSI AF FÉLÖGUNUM CASTRO OG CHURCHILL EKKI AD ÞÚA VINDLA, ER YFIRFARIN OG SAMÞYKKT AF HEILBRIGÐISEFTIRLITINU SEM ÖSKAR ÞEIM GÓÐRAR HEILSU OG VELFARNADAR MED NÝJAN LÍFSSTÍL

## Frá degi til dags

### Guð og drottningin

Illugi Jökulsson leitaði aftur til ársins 24 og fann spennandi flöt á dramanu í kringum Meghan og Harry. Þá leysti Tiberius keisari í Róm erfitt morðmál. Illuga þykir alltof sjaldgæft að kóngar og drottningar leysi sakamála og fagnar tíðindum um að Elisabet drottning, 94 ára, ætli „að gerast einkaspjari“ og yfirheyra sjálf eldri meðlimi konungsfjölskyldunnar um ásakanir Meghanar um rasisma. „Hver veit nema hún leggi þetta svo fyrir sig.“ Gunnar Smári Egilsson hefur hins vegar fengið nóg og biður á Facebook góðan guð um að láta fréttir af kóngafólkinu hverfa. „Við höfum þegar þjáðst nóg.“

### Drullusama

Þeim fer stöðugt fækkandi sem hafa ekki tjáð sig á samfélagsmiðlum um viðtal Opruh við Meghan og Harry. Óróaspennan er enn mælanleg, en óþolið fer vaxandi. Samkvæmt mjög svo óvísindalegri og óformlegri könnun á Fréttablaðið.is eru 4.066 lesendur klofnir í afstöðu sinni, þannig að 76% styðja ungu hjónin en 24% konungsfjölskylduna. Í athugasemd við þessi tíðindi er síðan bent á að líklega skekkist niðurstaðan við það að ekki var boðið upp á svarmöguleikann „drullusama“, sem hefði þá líklega haft vinninginn.

toti@frettabladid.is

## Samstaða



Logi Einarsson  
formaður Samfylkingarinnar

Atvinnuleysi á Íslandi er það mesta á Norðurlöndunum og með því mesta í Evrópu. Það er af sem áður var þegar atvinnuþátttaka var meiri hér á landi en víðast hvar. Hún hefur ekki verið minni í hátt í 30 ár miðað við síðustu mánuði. Atvinnuleysi er í sögulegu hámarki.

Stór hluti atvinnuleitenda á í erfiðleikum með að ná endum saman, hefur þegið mataraðstoð eða fjárhagsaðstoð frá hjálparamtökum, liður efnislegan skort, getur ekki staðið í skilum með húsaleigu eða lán, getur ekki mætt óvæntum útgjöldum eða sótt sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, samkvæmt rannsókn Vörðu – rannsóknarstofnun vinnuarkaðarins. Staða ungs fólks, innflytjenda og kvenna er sérstaklega slæm og áhrifin á líkamlegt og andlegt heilsufar áþreifanleg.

Við verðum að verja afkomuöryggi heimila og standa hvert með öðru í þessari kreppu. Það eru gifurlegir hagsmunir fölgirnir í því fyrir okkur öll að verja velferð, jöfnuð og mannaud og koma í veg fyrir að fólk án atvinnu upplifi fjárhagslega örvæntingu sem bitnar á heilsu þess, tekjum og starfsgetu til framtíðar.

Fyrst ríkisstjórnin er á móti því að hækka atvinnuleysisbætur í sögulegri atvinnukreppu, gæti hún velt fyrir sér að veita heimilum sem hafa orðið fyrir stórkostlegu tekjuhruni vegna atvinnumissis eins konar samstöðustyrki, í líkingu við þá tekjufallsstyrki sem hafa staðið fyrirtækjum til boða. Slíkt mætti til dæmis útfæra sem eingreiðslur í anda desemberuppbotar og barnauppbótar atvinnuleitenda með hlíðsjón af fjölda mánaða á atvinnuleysissskrá og fjölda barna á framfæri.

Við getum ekki beðið með að aðstoða þessa hópa þar til ný ríkisstjórn tekur við stjórnartaunum. Þetta þarf að gerast strax, um leið og við leggjum grunn að kraftmikilli viðspyrnu efnahagslífsins og fjölgun starfa.



Við verðum að verja afkomuöryggi heimila og standa hvert með öðru í þessari kreppu.

OPÍÐ  
KL. 10 – 21  
ALLA DAGA

**BOKA  
LOKAHELGIN!  
MARKAÐURINN**

*Laugardalsvellir*

**25. FEBRÚAR - 14. MARS**

## AF KÖGUNARHÓLI

## Félagslegt frjálslýndi og íhald



Þorsteinn Pálsson

Á dögunum var ég spurður hvort ég kynni skýringu á því að í einni skoðana-könnun væri borgarstjórn Reykjavíkur á meðal þeirra stofnana sem minnst trausts njóta, en í annarri væru flokkarnir, sem skipa meirihlutann, að auka fylgi sitt umtalsvert. Tvær stærstu lýðræðisstofnanir samfélagsins, Alþingi og borgarstjórn Reykjavíkur, hafa í meira en áratug notið minna trausts en aðrar opinberar stofnanir. Traust til beggja hefur þó aukist frá því að síðast var kosið. Reyndar eru flestar stofnanir að bæta stöðu sína.

**Mismunandi fylgishreyfingar**

Hitt er athyglisvert að á þessu kjörtímabili hafa flokkarnir, sem mynda meirihluta á Alþingi, tapað verulegu fylgi, en meirihlutflokkarnir í borgarstjórn aukið fylgi sitt umtalsvert. VG er eini flokkurinn, sem er í meirihluta á báðum stöðum. Þau tapa á Alþingi en styrkjast í borgarstjórn.

Oft er það þannig að flokkar í meirihluta tapa fylgi fyrir þá sök eina að flestar ákvarðanir og breytingar eru umdeildar og minnihluti nærast gjarnan á óánægju.

En þessi einfalda og algenga skýring virðist tæplega eiga við um gagnstæðar hreyfingar á fylgi ríkisstjórnarinnar og meirihlutflokka í borgarstjórn.

**Athafnir og athafnaleysi**

Almenningur er mjög sáttur við að ríkisstjórnin skuli hafa leyft sérfræðingum á sviði sóttvarna að ráða för gegn veirufaraldrinum. Faraldurinn hefur að þessu leyti hjálpað ríkisstjórninni.

Þar að auki hafa ríkisstjórnarflokkarnir ekki staðið fyrir neinum umdeildum breytingum, nema á skipulagi heilbrigðismála. Ágreiningurinn snýst meira um allt hitt, sem þeir hafa látið ógert. Samt tapa þeir.

Þessu er ófugt farið í borgarstjórn. Meirihlutflokkarnir þar hafa verið í óðaönn að framkvæma nýja stefnu í skipulags- og samgöngumálum. Hún er fjarri því að vera óumdeild og ekki án dæma um handaskol. Eigi að síður eykst fylgi þeirra allra.

**Nýr tími og liðinn tími**

Stefna ríkisstjórnarinnar er íhaldsöm kyrrstöðustefna: Ferð án fyrirheits. Stefna borgarstjórnarmeirihlutans er frjálslýnd, félagsleg framfarastefna: Glögg framtíðarsýn.

Þessi ólíka hugmyndafræði kann að skýra mismunandi gengi ríkisstjórnarflokka og meirihlutflokka í borgarstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn, sem er burðarás ríkisstjórnarinnar, sækir nú orðið mest fylgi í elstu aldurshópa kjósenda. Flokkarnir í borgarstjórnarmeirihlutunum eiga hlutfallslega meira fylgi í röðum yngri og miðaldra kjósenda.

Hér, eins og víðast hvar annars staðar, er kallað eftir nýjum lausnum við skipulag borga. Öll framfaraskið einkennast af átökum milli frjálslýndra og íhaldsamra viðhorfa.

Þegar lítið er til þess hvert flokk-

arnir sækja fylgi sitt er skiljanlegt að borgarstjórnin svari kalli nýs tíma, en ríkisstjórnin slái skjaldborg um óbreytt ástand.

Gæfumunurinn liggur í þessu: Það er einfaldlega ríkari spurn eftir umdeildu og virku félagslegu frjálslýndi en íhaldssamri kyrrstöðu, sem hreyfir ekki við umræðunni.

**Sjálfstæðisflokkurinn hjálpar**

Skuldastaða borgarsjóðs á þessu kjörtímabili virðist standast allan samanburð við nágrannasveitarfélögin. Það veikir hins vegar ríkisstjórnarflokkana að rekstur ríkissjóðs var orðinn ósjálfbær áður en kreppan skall á.

En meirihlutinn í borgarstjórn er

líka að hagnast á brestum í minnihlutflokkunum. Sjálfstæðisflokkurinn er margklofinn. Einn hluti styður borgarlínu, annar er á móti.

Sjálfstæðisflokkurinn í borgarstjórn studdi formlega samgöngusáttmálann, sem gerður var við ríkisstjórnina, en talar þó gegn meginefni hans. Fjármálaráðherra hefur það hlutverk að framkvæma áttmálann, en flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins tala gegn honum.

Fyrirhafnarlaust hjálpar það líka meirihlutflokkunum að háværasti talsmaður Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins er kaupmaður úti í bæ. Opinber málf lutningur hans

er neðan við lægstu skör nafnlausra athugasemda á samfélagsmiðlum. Þetta þynnir rótgróna ímynd Sjálfstæðisflokksins.

**Nýja grýlan virkar ekki**

Áður fyrr varaði Sjálfstæðisflokkurinn við vinstri stjórnunum. En sitjandi við ríkisstjórnarborðið undir forsæti formanns VG er það dauð grýla. Meirihlutamynstrið í borgarstjórn, sem forystuflokkur ríkisstjórnarinnar á reyndar aðild að, er ný grýla.

Í ljósi þess að athafnir borgarstjórnarmeirihlutans eru umdeildari en kyrrstaða ríkisstjórnarinnar er þessi tilraun með nýja grýlu skiljanleg.



Áður fyrr varaði Sjálfstæðisflokkurinn við vinstri stjórnunum. En sitjandi við ríkisstjórnarborðið undir forsæti formanns VG er það dauð grýla.

En vaxandi fylgi allra flokkanna í meirihluta borgarstjórnar og fallandi fylgi ríkisstjórnarflokka, bendir ekki til að nýja grýlan höfði sterkt til kjósenda. Hugsanlega virkar hún ófugt.

## Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!\*



**Afhendum  
samdægurs**

á höfuðborgarsvæðinu  
mán-lau ef pantað  
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

**Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is**

\*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

**LYFJAVER**

lyfjaver.is  
Suðurlandsbraut 22



# Rásblokkirnar í Reykjavík þarfnast aðstöðu



Freyr Ólafsson  
formaður FRI

Frjálsíþróttir eru íþrótt fólksins. Hvort sem það eru köst og stökk eða það allra vinsælasta, hlaup á sléttum brautum, jafnt sem utan vega. Þetta höfum við séð glögg á þessum erfiða vetri!

Frjálsar eru íþrótt barna og unglunga sem flykkjast í frjálsar um allt land, þar sem hugsjónafólk heldur úti ómetanlegu uppeldisstarfi í íþróttinni.

Frjálsar eru íþrótt fatlaðra sem náð hafa ótrúlegum árangri og hafa sýnt okkur endurtekið hvað má afreka með skipulögðum æfingum og eldmóði.

Frjálsar eru íþrótt eldri borgara sem stökkva og kasta, en öðru fremur nota stiga og brautir til göngu og hlaupa. Aðgengilegasta lýðheilsusportíð í nútíð og framtíð.

Síðast en ekki síst eru frjálsíþróttir Ólympíuþrótt, íþrótt verðlaunahafanna okkar Vilhjálms heitins

Einarssonar, Völu Flosadóttur og Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur!

Mörg sveitarfélög hafa áttað sig á mikilvægi þessarar einstöku íþróttar, mikilvægi þess að þjálfararnir og hugsjónafólkid í frjálsam hafi sinn eigin vettvang, heimavöll, til þess að taka á móti börnum og unglingum, afreksmönnum, eldri borgurum. Má ég til með að nefna Árborg og Hafnarfjörð sem fyrirmyndir í þessum efnum, þó fleiri góð mætti nefna.

Frjálsíþróttafólk er hógvært og nægjusamt og litid heyrir í því dags daglega. En undanfarna daga hefur fólk ofbodið hvað frjálsíþróttafólki í Reykjavík, börnum og unglingum, fótluðum íþróttamönnum og ófótluðum, efnilegum Ólympíukandiðötum er boðið upp á. Að þeim sé vísað á dyr í einu almennilegu frjálsíþróttastöðunni, nú um stundir í borginni, í heilar sex vikur. Þetta högg kemur eftir erfiðan vetur og fyrir mikilvægt sumar.

Kostur er að nýlega hefur verið skipaður starfshópur um nýjan þjóðarleikvang og nýtt útisvæði í Laugardal, en ljóst er að núverandi aðstaða í Laugardal stendur ekki undir nafni, auk þess sem knattspyrnufólki hefur verið lofaður völlurinn einhliða í nánustu fram-

tíð. Þá hefur því miður ný útiðstaða í Mjódd á ÍR-svæðinu farið í gegn um mjög erfitt framkvæmdaferðalag.

Borgaryfirvöld hafa sannarlega byggt upp mannvirki fyrir frjálsar og sýnt þannig jákvæðan hug, en nú sem aldrei fyrir þurfa verkin að sýna merkin. Í dag eiga frjálsíþróttamenn í Reykjavík nefnilega ekki neina heimtingu á að halda æfingaaðstöðunni í höllinni, eða kalla hana sína. Frjálsíþróttafólk í Reykjavík er vissulega seinþreytt til vandræða, en nú er krafan skýr, keppnisfólk í öllum Reykjavíkurfélögum vill sína eigin höll, sem er til staðar, og sinn eigin völl í Laugardal.

Frjálsíþróttasambandið styður þessar kröfur og tekur undir þær. Nú þarf að stíga skrefin til fulls þannig að að frjálsíþróttamenn í Reykjavík geti byggt upp sitt starf, en þurfi ekki að búa við það að eiga hvenær sem er von á því að vera hent út.

Við þurfum öll saman að ná fram þeim markmiðum sem við stefnum að fyrir allan þann fjölbreytta hóp, á öllum aldri, sem tekur þátt í frjálsíþróttahreyfingunni með einum eða öðrum hætti. Nú er tækifærið til breytinga.

## Höldum opinn fund



Jón Steinar Gunnlaugsson  
lögmaður



Öllum fjölmiðlum yrði auðvitað heimill aðgangur að fundinum.

Sagðar voru af því fréttir fyrir skemmstu að dómsmálaráðherra hefði falið mér að vinna að tillögum um styttingu á málsmeðferðartíma í afbrotamálum. Þetta kveikti undarleg viðbrögð hjá fólki sem segir mig vera sérstakan andstæðing þolenda kynferðisbrota og vörslumann hagsmuna brotamanna á þessu sviði afbrota. Verkefni mitt varðaði svo sem ekkert sérstaklega þennan flokk afbrota en afstaðan gegn mér gerði það.

Meðal þeirra sem tjáðu sig í þessa átt voru alþingismennirnir Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir. Taldi Rósa Björk að dómsmálaráðherra hefði „hent kaldri tusku“ framan í almenning með því að fá mér þetta verkefni. Þórhildur Sunna taldi mig hafa tekið ámalisverða afstöðu með því að hvetja þolendur afbrota til að fyrirgefa dæmdum brotamanni fremur en að hatast við hann til frambúðar. Það var eins og hún teldi mig hafa sagt þetta í þágu brotamanns en ekki þolendanna.

Það var auðvitað misskilningur. Það er frekar sérkennilegt að veitast að persónu minni á þann hátt sem hér var gert til afnota fyrir árásir á dómsmálaráðherra. Ekkert tilefni er til þess. Í gegnum þessar árásir skín hreinn misskilningur eða útúr-snúningur á skoðunum mínum á afbrotum á þessu sviði.

Af þessum ástæðum óska ég eftir að þingmennirnir tveir fallist á að mæta mér á opnum fundi til að ræða þessar árásir á mig og tilefni þeirra. Fyrir fram myndum við þurfa að semja um stað og stund og fyrirkomulag á umræðum svo jafnræðis yrði gætt milli öndverðra sjónarmiða. Öllum fjölmiðlum yrði auðvitað heimill aðgangur að fundinum.

Ég sendi þessa orðsendingu til Fréttablaðsins, sem sérstaklega hefur tekið þetta mál upp á arma sína. Kæmi til dæmis til greina að Aðalheiður Ámundadóttir lögfræðingur, blaðamaður á Fréttablaðinu, yrði fundarstjóri, en ég hef hana grunada um að hafa samúð með gagnrýnendum mínum.



## Aðgengileg borg fyrir alla



Dóra Björt Guðjónsdóttir  
borgarfulltrúi Pírata og formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur



Dagurinn í dag snýst um mikilvægi þess að auka meðvitund um aðgengi. Ekki bara út frá mannréttindum heldur líka út frá viðskiptalegum sjónarmiðum. Bætt aðgengi er nefnilega ekki bara hið rétta heldur líka klókt í viðskiptalegum tilgangi.

Klambratúni og ráðast í endurbætur strætóbíðstöðva. Samtals nýlegar fjárfestingar upp á um 300 milljónir króna.

Nú erum við þar að auki að koma að stofnun aðgengissjóds til að auka aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík. Dagurinn í dag snýst um mikilvægi þess að auka meðvitund um aðgengi. Ekki bara út frá mannréttindum heldur líka út frá viðskiptalegum sjónarmiðum. Bætt aðgengi er nefnilega ekki bara hið rétta heldur líka klókt í viðskiptalegum tilgangi. Um leið og réttlátara samfélag er samkeppnishæfara samfélag, styrkir aukið aðgengi samkeppnishæfni kaffihúsa, veitingastaða og verslana. Af þessu tilefni verður nýjum aðgengissjóði Reykjavíkur og verkefni „Römpum upp Reykjavík“ ýtt úr vör í dag. Áfram höldum við baráttunni fyrir réttlátara, betra og aðgengilegra samfélagi!

Í dag er

## ALÞJÓÐLEGI NÝRNADAGURINN

Í tilefni hans vill Nýrnafélagið vekja athygli á því að ómeðhöndlaður hár blóðþrýstingur er ein algengasta orsök nýrnabilunar á lokastigi.

Hefur þú látið mæla blóðþrýstinginn nýlega?

Nánari upplýsingar á [nyra.is](http://nyra.is)



Nýrnafélagið

Ert þú félagi í Nýrnafélaginu?

Dú sækir um aðild á [www.nyra.is](http://www.nyra.is) eða í síma 561 9244



# Frábær tilboð meðan birgðir endast!

Rúmgóðir, tæknivæddir og þrautreyndir við íslenskar aðstæður. Tryggðu þér **X-Trail** eða **Qashqai** á sértíloði meðan birgðir endast.



**AFSLÁTTUR  
700.000 KR.**

## Nissan X-Trail

Acenta+, Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, 7 sæta

**TILBOÐSVERÐ:  
6.590.000 KR.**

Listaverð 7.290.000 kr.

**AFSLÁTTUR  
500.000 KR.**

## Nissan Qashqai

Acenta, bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ:  
4.450.000 KR.**

Listaverð 4.950.000 kr.

 **NISSAN  
INTELLIGENT  
MOBILITY**

[www.nissan.is](http://www.nissan.is)

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

**BL**



Sebastian stýrði áður liði Stjörnunnar í Olís-deild kvenna.

## Fram skiptir um þjálfara í sumar

**HANDBOLTI** Sebastian Alexandersson mun láta af störfum sem þjálfari karlalíðs Fram í handbolta eftir að yfirstandandi keppnistímabili lýkur. Það var handbolta.is sem greindi frá þessum tíðindum.

Samkvæmt frétt handbolta.is ákvað handboltadeild Fram að nýta sér uppsagnarákvæði í samningi Sebastians, sem samdi við Safa-mýrarfélagið til þriggja ára síðasta sumar. Liðið er í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni í Olís-deild karla.

Talið er að Einar Jónsson, fyrrverandi þjálfari karla- og kvennalíðs Fram, Stjörnunnar og Gróttu, muni taka við Framliðinu, en hann þjálfar nú Bergsöya í Noregi.

Einar verður þá fjórði þjálfari liðsins á skömmum tíma en Sebastian tók við stjórn liðsins af Halldóri Jóhanni Sigfússyni sem var í brúnni tímabundið eftir að Guðmundur Helgi Pálsson var látinn taka pokann sinn í fyrra. – hó

## Hilmar keppir í svigi í dag

**SKÍÐI** Hilmar Snær Örvarsson, skíðamaður úr Víkingi, hafnaði í sjötta sæti þegar hann keppti í stórsvigi á Evrópumótaröð IPC í Liechtenstein.

Þetta var annar keppnisdagurinn í röð í stórsvigi, en á þriðjudaginn var keppt á landsmóti Liechtenstein. Hilmar Snær varð þá í fimmta sæti en hann var einmitt fimmti eftir fyrri ferðina í gærmorgun en lauk svo keppni í sjötta sæti.

Hilmar Snær var fremur ósáttur við skíðamennskuna í seinni ferðinni en tæpum fjórum sekúndum munaði á fyrri og seinni ferð í gær hjá honum.

Keppni heldur svo áfram hjá Hilmar Snæ í dag og á morgun, en þá fer fram svigkeppnin á mótinu. Fyrri dagurinn er svigkeppni á landsmóti Liechtenstein og á föstudag er svigkeppni á Evrópumótaröð IPC. – hó

# Vill nýta þekkinguna betur

Fyrrum atvinnukylfingurinn Ólafur Björn Loftsson tók við starfi afreksstjóra Golfsambands Íslands á dögunum. Hann tekur við góðu búi en vill reyna að auðvelda leið afrekskylfinga í atvinnumennsku.

**GOLF** Ólafur Björn Loftsson tók við starfi afreksstjóra GSÍ af Gregor Brodie fyrr á þessu ári, eftir að hafa sinnt starfi aðstoðarmanns afreksstjóra undanfarin tvö ár. Ólafur, sem er fyrrum atvinnumaður og Íslandsmeistari í högggleik, varð fyrsti Íslendingurinn til að taka þátt í móti á PGA-mótaröðinni fyrir tíu árum síðan, þegar hann lék sem áhugakylfingur á Wyndham meistaramótinu.

Á þeim tíma var Ólafur í námi í Bandaríkjunum og tryggði sér þátttökurétt með því að vinna áhugamannamót vestanhafs, en Vesturbæingurinn var einu höggi frá því að komast í gegnum niðurskurðinn á Wyndham.

Þegar tilkynnt var að Ólafur tæki við starfinu sagði Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri GSÍ, að utanaðkomandi aðstæður undanfarið ár og áherslubreytingar á afrekssviði sambandsins, hefðu gert það að verkum að ákveðið var að ráðast í þessa breytingu. Aðspurður út í samstarf sitt við Brodie, bar Ólafur Skotanutum vel söguna.

„Við áttum mjög gott samstarf og erum enn í góðu sambandi. Seinna árið reyndist ansi krefjandi vegna faraldursins og hann var ekkert búinn að komast til Íslands í tæpt ár.“

Ólafur sagði að fjarvera Craigs og óvissa um framhald veirunnar hefði haft áhrif á ákvörðun Craigs um að stíga frá borði á þessum tímamarki. „Það átti sinn þátt í þessu. Við munum eflaust nýta hans þekkingu áfram og ég hef lært mikið á þessum tveimur árum, í bland við mína reynslu til tuttugu ára í afreksstarfi,“ segir Ólafur, um samstarfið við Skotann og framtíðarhorfur landsliðskylfinganna.

„Ég hef nokkuð skýra sýn á hvernig við getum unnið þetta vel saman, hreyfingin í heild sinni. Það eru ákveðin hlutir sem ég tel að við getum gert betur, en ég lagði áherslu á að ég fengi tíma til að eiga samtalið við alla, íþróttastjóra klubbanna, þjálfara og leikmenn, á meðan við mótum framtíðaráætlanirnar.“

Í stefnu Golfsambandsins næstu sjö árin, sem samþykkt var á ársþingi GSÍ árið 2019, eru háleitt markmið um að vera með áhugakylfinga í fremstu röð og á sterkustu mótaröðum heims.

„Golfsambandið hefur skýra



Ólafur Björn, hér lengst til hægri, ásamt karlalandsliði Íslands fyrir EM árið 2019. MYND/GSÍMYNDIR.NET/SETH

**Við viljum koma okkar bestu kylfingum á sterkustu mótaröðir heims.**

Ólafur Björn Loftsson

stefnu í afreksmálum. Markmiðin og hlutverkin eru vel skilgreind, að við viljum koma okkar bestu kylfingum á sterkustu mótaröðir heims og um leið skapa umhverfi þar sem þau geta blómstrað. Grindin sem er til staðar er flott og það verður mitt verkefni að móta, í samstarfi við sérfræðinga, stefnu sambandsins og golfklubbanna. Það eru takmarkaðir fjármunir á afrekssviði eins og í flestum öðrum íþróttum og fyrir vikið þurfum við að stýra vel hvernig við förum með fjármagnid, en um leið reyna að hámarka afkasturinn.“

Ólafur tekur undir að það sé drifandi fyrir yngri kylfinga nú til dags

að sjá fjölmarga íslenska kylfinga ná góðum árangri á erlendri grundu.

„Það er í gildum okkar Íslendinga, að vera með stórt hjarta og stefna hátt. Fyrir vikið gefur það ungum afrekskylfingum heilmikið að sjá árangur bestu kylfinga Íslands á undanförunum árum, komast á risamót í fyrsta sinn og Ólafíu inn á LPGA, stærstu mótaröð heims. Það er svo okkar að byggja ofan á það,“ segir Ólafur og heldur áfram:

„Það sem mætti kannski helst bæta væri að nýta þá þekkingu sem er innan hreyfingarinnar aðeins betur. Við erum með marga PGA-þjálfara á Íslandi og öflugt starf en það er kannski hægt að miðla hlutunum betur og fyrr, til að undirbúa okkar bestu áhugakylfinga betur fyrir atvinnumennsku,“ segir Ólafur og tekur undir að framfarir í aðstöðu til golfiðkunar gætu fært okkur fram.

„Framfarirnar í aðstöðunni eru gríðarlegar. GKGA er komið með eina bestu inniaðstöðu í Evrópu sem spilar stóran þátt í okkar starfi og er jákvætt skref fyrir framhaldið.“

Einn efnilegasti kylfingur heims sem hefur verið að spila vel á PGA-mótaröðinni undanfarnar vikur, Viktor Hovland, er norskur. Hovland hefur unnið tvö mót á PGA-mótaröðinni á fyrsta ári sínu á mótaröðinni og er að nálgast efstu tíu á styrkleikalista íþróttarinnar ansi hratt.

Aðspurður hvort Íslendingar gætu eignast kylfing í þessum gæðaflokki, sagði Ólafur vonast til þess. „Það er alveg möguleiki á því að við eignumst kylfing sem nær svona langt.“

Við erum með öll tól til staðar en þurfum auðvitað að hugsa hlutina öðruvísi en margar aðrar þjóðir, enda tímabilið hérna styttra en erlendis. Kylfingarnir eru margir að grípa tækifærið í bandarísku háskólagolfi, sem er í fullum gangi þessa dagana, þó að margar mótaröðir séu stöpp. Það skiptir miklu máli að geta finnúsað leik sinn við slíkar aðstæður, Viktor nýtti sér það vel og margir af okkar fremstu kylfingum hafa gert það.“

kristinnpall@frettabladid.is

## Ekki búinn að gefa upp vonina um Ólympíusæti

**BADMINTON** Tækifærin eru ekki mörg lengur, en badmintonkappinn Kári Gunnarsson er ekki búinn að gefa upp von um að komast inn á Ólympíuleikana í Tókýó síðar á þessu ári. Fyrir rétt rúmu ári síðan var Kári á leiðinni á heimshornflakk þar sem hann átti að keppa á átta mismunandi mótum til að bæta stöðu sína á heimslistanum, í von um að komast inn á Ólympíuleikana í Tókýó en þeim mótum, líkt og ÓL, var flestum frestað. Fyrir vikið er búið að fresta dagsetningunni þegar keppendalistinn er gefinn út þar til um miðjan júní þegar mánuður er í að Ólympíuleikarnir hefjist í júlí.

„Ég var með ansi þetta dagskrá á þessum tíma í fyrra, sex til sjö mót úti um allan heim með tilheyrandi ferðalaögum þegar það var allt



Kári hefur verið valinn badmintonmaður ársins frá 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stoppað vegna faraldursins. Maður er ekkert að fara í þannig ferðalögnuna,“ segir Kári léttur í lund.

„Næst á dagskrá er Evrópumótið í Úkraínu í næsta mánuði. Það er auðvitað breytt landslag, mikið um breyttar reglur vegna sóttvarna, reglubundnar skimanir og krafist þess að við mætum mun fyrr. Allt þetta setur strik í reikninginn þegar kemur að undirbúningi en það verða líka vonandi einhver mót eftir EM. Mótshald er aðeins að byrja með bestu leikmönnum heims. Þá eru sóttvarnir teknar alvarlega og allir í búblu.“

Farið er eftir heimslistanum þegar sætum á Ólympíuleikunum er úthlutað og er Kári ekki langt frá því að tryggja sér sæti.

„Það eru fjórtíu sem komast til Tókýó og ég er fimm eða sex sætum

frá því. Með góðum árangri á EM eða á mótunum sem standa til boða á ég möguleika á að komast inn,“ segir Kári og tekur undir að það sé annar möguleiki að komast inn.

„Það er möguleiki en auðvitað vill maður komast inn á eigin árangri.“

Aðspurður sagði Kári sem fagnar þrítugsafmæli á þessu ári ekki vera viss hvort að Ólympíuleikarnir í París 2024 færu á markmiðalistann ef ekki tækist að landa þátttökurétti í Tókýó.

„Ég finn að ég get stefnt að því að komast til Parísarborgar en á sama tíma verð ég að taka ákvörðun með framhaldið, hvernig ég nýti tíma minn sem best. Það er mikill kostnaður og förn að æfa á þessu stigi, auk ferðalaga sem kosta sitt. Það yrði mjög skemmtilegt en það er líka annað sem mig langar að gera.“ – kpt



# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 11. mars 2021



Drottning í auglýsingunni sem valdið hefur fjaðrafoki í Danmörku.

## Drottning í spilakössum

Þau eru misjöfn málin sem koma upp hjá hinum konungbornu þessa dagana. Royal Casino er spilavíti í Árósum og á netinu. Upp hefur sprottið deilumál vegna teiknimyndauglýsingar frá fyrirtækinu, þar sem drottning dansar á milli spilakassanna. Það sem hefur farið fyrir brjóstið á Dönnum er að teiknaða drottningin í spilasalnum líkist mjög Margræti Þórhildi Danadrottningu og þeim klæðnaði sem hún klæddist á sjötíu ára afmæli sínu í fyrra. Margar kvartanir hafa borist til hallarinnar frá móðuguðum landsmönnum, sem þykir auglýsingin vera vanvirðing við drottninguna. Talsmenn hallarinnar hafa nú brugðist við þessum kvörtunum með því að leita til umboðsmanns neytenda, sem nú skoðar málið og hefur sett það í ferli. Eigandi Royal Casino viðurkennir ekki að fyrirmynd drottningar í auglýsingunni sé Margræt Þórhildur.

### Móðgandi auglýsing

„Þarna er spilavítið að notfæra sér drottninguna í eigin þágu fyrir vörumerki sitt,“ segir lögfræðingurinn Heidi Højmark Helveg, sem sérhæfir sig í markaðsrétti, við danska blaðið BT. „Það er móðgandi að draga drottningu fram sem fjárhættuspilara. Ef ég hefði verið beðin um ráð fyrir birtingu auglýsingarinnar hefði ég sagt að hún færi yfir velsæmismörk.“

Jim Lyngvild sem hefur skrifað bækur um konunglegan klæðnað er sama sinnis. „Það er enginn vafi á því að Margræt drottning er fyrirmyndin og kjóllinn sá sami og í afmælinu.“

elin@frettabladid.is

Íslensk hráefni fyrir þína liðaheilsu



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust  
www.eylif.is

40-70% afsláttur

LAGER HREINSUN á flísum

Verð frá kr. 597 pr.m<sup>2</sup>

MÚRBÚÐIN



Jóhanna Soffía Birgisdóttir og Unnur Guðríður Indriðadóttir eru eigendur Lemon, en þær tóku við rekstri fyrirtækisins árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Safarík afmælistilboð og spennandi nýjungar

Veitingastaðurinn Lemon fagnar um þessar mundir átta ára starfsafmæli, en staðirnir eru nú orðnir sex talsins og eru staðsettir víðs vegar um landið. Í tilefni afmælisins er boðið upp á sérstakt kombótilboð auk þess sem von er á ljúffengum nýjungum á matseðlinn. **2**



Hjá Lemon er ferskleikinn og hollusta alltaf í fyrirrúmi. Matseðillinn er fjölbreyttur og áhersla lögð á að bjóða upp á nýjungar.

Lemon sérhæfir sig í samlokum og ferskum söfum úr hágæða hráefni en á matseðlinum eru einnig vefjur, salöt, hafragrautur, orkuskot og kaffi.

#### Konur við stjórnvölinn

Þær Jóhanna Soffía Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Lemon og Unnur Guðríður Indriðadóttir markaðsstjóri, eru eigendur Lemon. „Við komum inn í fyrirtækjahópinn sem meðeigendur árið 2015 en tókum alfarið við rekstri fyrirtækisins árið 2018, þegar við keyptum fyrirtækið ásamt Snorra Arnari Viðarssyni og Sveinbergi Gíslasyni,“ segir Gurrý.

Jóhanna hefur starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi en hún byrjaði sem rekstrarstjóri á Suðurlandsbraut. Hún býr yfir mikilli reynslu á sviði matvæla og veitinga og hefur hún starfað í þeim geira bæði hérlendis og erlendis.

Unnur Guðríður, eða Gurrý, er með bakgrunn úr banka- og stéttarfélagageiranum þar sem hún starfaði um árabil. „Ég starfaði í fjármálafyrirtæki í fimmtán ár, ásamt því að hafa reynslu í markaðsmálum. Þetta hefur nýst ákaflega vel við rekstur Lemon.“

#### Ótal valmöguleikar

„Við erum með fjölbreytt vöruframboð, margar tegundir af djús-um, samlokum og skyrdrykkjum. Við höfum lagt mikla áherslu á að bregðast við breyttum straumum í samfélaginu hverju sinni. Sem dæmi má nefna aukna áherslu á lággölvætna- og ketómataræði, en í dag býðst viðskiptavinum okkar að breyta samlokum af matseðli í salat eða vefju eða að fá samlokuna í ketóbrauði.“

Gurrý tekur undir. „Okkur finnst mikilvægt að brydda reglulega upp á nýjungum en nýverið bættum við frábærri nautasteikarsamloku, sem við unnum í samvinnu við Kjökumpaní, á matseðlinum okkar. Þessi samloka hefur algerlega slegið í gegn hjá okkur,“ segir hún.

„Þessa dagana erum við að leggja lokahönd á þróun nýrrar, íslenskrar lambasamlöku, Spicy Lamb, sem upphaflega var aðeins hugsuð fyrir páskana. Úr varð samloka með indverskum blæ

**Líkamsræktarþjálfarinn Gurrý hefur hannað tvo djúsa með Lemon sem eru bæði ljúffengir og næringarrikir.** MYND/HELGA-LAUFEY



Núna er sérstakt kombótilboð á Lemon í tilefni afmælisins.



Það er mikilvægt að brydda reglulega upp á nýjungum en nýverið bættum við frábærri nautasteikarsamloku, sem við unnum í samvinnu við Kjökumpaní, á matseðlinum okkar. Þessi samloka hefur algerlega slegið í gegn hjá okkur.

Í dag býðst viðskiptavinum okkar að breyta samlokum af matseðli í salat eða vefju eða að fá samlokuna í ketóbrauði.

sem okkur fannst svo góð að við ákváðum bara að skella henni á matseðlinn.“

#### OFF menu djúsar

Lemon hefur átt í skemmtilegu samstarfi við Guðríði Torfadóttur, eða Gurrý, eins og hún er oftast kölluð. „Gurrý er einn vinsælasti líkamsræktarþjálfari landsins en hún rekur heimilislega heilsuræktarstöð í Ármúla, Yama heilsurækt. Við fengum hana í samstarf með okkur; við eigum frábæra samleið í gegnum heilsu og hollan lífsstíl,“ segir Jóhanna.

„Gurrý hefur hannað tvo djúsa með Lemon, Greenday og Miss Fit, en um svokallaða Off menu djúsa er að ræða, sem eru fáanlegir í takmarkaðan tíma. Greenday og Miss Fit eru orkubombur, stútfullir af vítamínum og hollustu, sem er einmitt það sem kroppurinn þarfnast.“

Okkur finnst mikilvægt að brydda reglulega upp á nýjungum en nýverið bættum við frábærri nautasteikarsamloku, sem við unnum í samvinnu við Kjökumpaní, á matseðlinum okkar. Þessi samloka hefur algerlega slegið í gegn hjá okkur.

„Við höfum líka mikið unnið með Arnari Péturssyni en hann er margfaldur Íslandsmeistari í hlaupum. Arnar fær sér iðulega Lemon-samloku daginn fyrir hlaup.“

#### Kombóin eru klassísk

Gurrý segir hinn dæmigerða Lemon-viðskiptavin eiga sitt uppáhaldskombó. „Vinsælasta kombóin okkar er Spicy Chicken og Nice Guy. Það er eitthvað við þetta kombó sem er algjör negla, sterka bragðið í bland við sætan djús, en þetta er einmitt kombó mánaðarins í mars,“ segir hún.

Kombó mánaðarins er tilvalið tækifæri til að kynna nýjum valkostum. „Með kombóum mánaðarins erum við í raun að hvetja fólk til að prófa eitthvað nýtt.“

Lemon verður með sérstök tilboð í mars. „Við erum með 2 fyrir 1 alla sunnudaga af samlokum og djús, en í afmælisvikunni 8.-14. mars eru öll kombó á 1.590 kr.“

#### Veisluþjónusta Lemon

Veisluþjónusta Lemon nýtur stóðugt meiri vinsælda. „Við sérstökum veislurnar fyrir hvern og einn. Stórar sem smáar. Fólk velur sínar uppáhaldssamlökur og/ eða djúsa eða lætur okkur velja brot af því besta. Þetta er mjög vinsælt í fermingarnar og einnig hjá fyrirtækjum sem vilja velja hollari valkosti fyrir fundi og/ eða hádegi, þar kemur Lemon sterkt inn. Ef pantar er fyrir tíu manns eða fleiri á virkum dögum er frí heimsendingarþjónusta. Hægt er að panta með því að senda tölvupóst á [veisla@lemon.is](mailto:veisla@lemon.is) eða á [www.lemon.is](http://www.lemon.is)

#### Sex staðir og fleiri væntanlegir

Lemon stöðunum fer sífellt fjölgaandi. „Við erum með þrjá staði hér á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurlandsbraut, í Hafnarfirði og nú síðast opnaði Lemon í Salalauginni í Kópavogi.“

Jóhanna segir staðinn hafa fengið frábærar undirtektir. „Kópavogsbúar eru greinilega meðvitaðir um hollt mataræði því staðurinn hefur slegið í gegn. Lemon er eini matseðilastaðurinn sem er með rekstur í afgreiðslu sundlaugar hér á landi. Það er greinilega vinsælt í Kópavogi að skella sér í sund og fá sér svo holla og góða næringu á eftir.“

Norðlendingar hafa einnig tekið vel á móti Lemon. „Lemon á Akureyri var opnað í mars 2017 og á Húsavík í júní 2019 og viðtökurnar hafa verið framar öllum vonum. Á Akureyri eru tveir staðir, annars vegar á Ráðhústorgi og hins vegar á Glerárgötu. Það eru Jóhann Stefánsson og Katrín Ósk Ómarsdóttir sem reka þá og á Húsavík ræður Birkir Stefánsson ríkjum.“

Næstur í röðinni er svo Sauðárkrókur, þar sem nýr Lemon staður verður opnaður á næstu vikum. Önnur bæjarfélög þurfa þó ekki að örvænta. „Við erum hvergi nærri hætt og áætluð að opna fleiri staði á landsbyggðinni á árinu,“ segir Gurrý.



**YESTA – Harny shifonkjóll**  
Stærðir 44-56  
Verð kr. 15.980



**ZHENZI kjóll**  
Stærðir 42-56  
Verð kr.12.990




**YEST Hunter kjóll/tunika**  
Stærðir 36-48  
Verð kr. 10.980



**IVY BEAU- Zakira kjóll með pífukanti**  
Stærðir 36-44  
Verð kr. 10.980



**ES&SY - Naftali peysukjóll**  
Stærðir 36-44  
Verð kr. 7.980



**GOZZIP skyrtukjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 15.980



**Studio kjóll með shifonslá**  
Stærðir 40-6  
Verð kr.15.980



**QUE oversized skyrta**  
Stærðir 38-52  
Verð kr. 27.980



**YEST - Genivy síður pífukjóll**  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 18.980



**YESTA - Hanah síður pífukjóll**  
Stærðir 44-56  
Verð kr. 18.980



**FESTIVAL sokkabuxur**  
Fást líka í svörtu og bláu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 1.990



**FESTIVAL leggings**  
Fást líka í svörtu og bláu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 3.490



**FESTIVAL leggings**  
Fást líka í svörtu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 3.490



**FESTIVAL leggings**  
Fást líka í svörtu  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 3.490



**TAMARIS hælaskór**  
Fást í fleiri litum  
Stærðir 37-43  
Verð kr.14.980

Verstunin Belladonna

**belladonna**

Líttu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Á topp tíu stjörnulistanum hjá Vogue



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is

Reykvíski hjólabrettastrákurinn Alexander Guðmundsson gengur í hjólabretta-menntaskóla í Málmei í Svíþjóð og býr til eigin tónlist, á milli þess sem hann gengur tiskupallana fyrir frægustu tiskuhönnuði heims.

„Þegar ég lít um öxl var þetta auðvitað mjög skemmtilegt og mikill heiður, en að baki lá helluð vinna í hálfan mánuð, frá klukkan fimm á morgnana til miðnættis og stundum lengur, öll kvöld vikunnar. Þetta var í lok janúar og byrjun febrúar í fyrravetur, og ég var sárlasinn í viku af þessum tíma, mögulega með kórónaveiruna, en mikið af módelunum og starfsfólkinu varð mjög veikt. Ég var því of þreyttur og búinn á því til að spá í þetta þá,“ segir karlfyrirsætan Alexander Guðmundsson, um það þegar tiskubiblían Vogue valdi hann á lista yfir topp tíu stjörnukarlmódelin á tiskupöllunum fyrir um ári síðan.

Alexander er 19 ára Reykvíkingur sem hefur undanfarin fimm ár búið í Kaupmannahöfn.

„Við fjölskyldan fluttumst búferlum til Danmerkur þegar mamma var á leið þangað í framhaldsnám og mig langaði í skeitmenntaskóla í Málmei í Svíþjóð,“ upplýsir Alexander, sem hefur gert ótrúlegar kúnstir á hjólabrettum frá barnaldri og gerir enn í Bryggeri-menntaskólanum Svíþjóð, þangað sem hann tekur lest frá Danmörku á hverjum skóladegi.

## Heppinn að njóta velgengni

Alexander var „uppgötvaður“ af núverandi umboðsmanni sínum þegar hann sat á kaffihúsi með vini sínum.

„Ég hafði þá aldrei velt módelstörfum fyrir mér en varð forvitinn og ákvað bara að slá til. Ég get ekki sagt til um hvort íslenskir karlmenn hafi eftirsóknarvert útlit fyrir hinn stóra tiskuheim, en ég held að ég hafi „uppgötvast“ vegna þess að ég er skeitari og bretta-mennskunni fylgir ákveðið „street look“ sem hefur verið vinsælt,“ segir Alexander, sem hefur verið áberandi á tiskupöllunum fyrir tiskurisana Prada, Givency og Valentino.

„COVID-19 hefur haft ansi mikil áhrif á vinnuna mína og ég hef þurft að segja nei við flestum verkefnum, þar sem þau hafa verið í Milanó og París. Nú nýlega hef ég samt náð að vinna fyrir Fendi, Jil Sander og Moncler,“ segir Alexander, sem er orðinn hinn vanasti á stærsta tiskusviði heimsins.

„Já, ég mæli með fyrirsætu-



Alexander hefur gengið tiskupallana fyrir marga af frægustu tiskuhönnuðum heims, þar á meðal Prada, Givency, Valentino, Fendi, Jil Sander og Moncler.



Alexander í svörtum jakka, svartri hettupeysu og með svartan bakpoka, eftir að hafa sýnt nýjustu flikurnar fyrir tiskuhönnuði Givency í París. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Alexander í klæðnaði frá Craig Green fyrir veturinn 2020-2021 á tiskuvíkinni í París, þegar Vogue setti hann á lista yfir þau tíu karlmódel sem sköruðu fram úr.

starfinu fyrir íslenska stráka ef það er eitthvað sem þeir hafa áhuga á. Ég er ekki viss hvað maður þarf að hafa til að bera til að ná athygli og árangri í þessum bransa. Ég hef bara verið mjög heppinn að hafa gengið svona vel. Ég hef ekkert unnið í því sjálfur að koma mér á framfæri, en ég er með mjög duglegan umboðsmann sem líklega er það mikilvægasta.“

## Ekki er allt sem sýnist

Tiska hefur lengi verið Alexander hugleikin.

„Það er mikil tiskuvitund í skeit-senunni og þess vegna hef ég alltaf spáð mikið í tiskuna. Ég hef gaman að flottum fötum, en samt er ég vöðu litið að þæla í tisku þessa dagana. Ég hef mjög mikinn áhuga á tónlist og það tók eiginlega yfir tiskuhugann, en ef ég þyrfti að skilgreina eigin fatastíl myndi ég lýsa honum sem blöndu af „street wear“ og „vintage,“ segir Alexander.

Uppáhaldstiskuhönnuður hans er Bandaríkjamaðurinn Matthew Williams.

„Ég hef nokkrum sinnum hitt

**” Módelstarfið er ekki eins og glansmyndin gefur til kynna og ég mundi ekki flokka það sem lífsstíl hjá mér; ég geri það bara með skólanum fyrir smá vasapening!**

Matthew en aldrei unnið fyrir hann. Ég á enga eftirlætis fyrirsætu, nema kannski Ewan Mock sem er atvinnu-skeitari og orðinn mjög vinsælt módel. Annars hef ég kynnst mjög skemmtilegum krökkum innan módelheimsins og ætli þau séu ekki öll orðin uppáhaldsmódelin mín,“ segir Alexander hress.

„Það fer svo alveg eftir því hvern þú spyrð, hvort módelstarfið og lífsstíllinn sem honum fylgir sé eftirsóknarverður. Hann er þó ekki eins og glansmyndin gefur til kynna og ég mundi ekki flokka hann sem lífsstíl hjá mér; þetta er bara eitthvað sem ég geri með skólanum fyrir smá vasapening!“

Alexander segir slatta af ókostum við starf fyrirsætunnar.

„En ég nenni ekki vera neikvæður og vil frekar hugsa um það skemmtilega í vinnunni, sem er að ferðast og kynna nýju fólki. Þegar fristundir gefast nota ég svo tímann til að skeita mér til skemmtunar og bý til tónlist.“

Alexander skellir upp úr, spurður hvort hann þurfi að passa vel upp á mataræðið, hreyfingu og reglusamt liferni til að fá að bera nýjustu klæðin fyrir stærstu tiskuhús heimsins.

„Nei, ég held að ég sé of ungur til þess að þurfa að þæla í því núna, en kannski eftir fimm ár!“

Framtíðarplönin eru að mestu óljós. „Það var svo algjörlega óvart hvernig ég datt inn í þennan bransa, en ég gæti vel hugsað mér að halda áfram sem módel í nokkur ár og fara síðan í nám. Svo kem ég heim einn daginn. Ég sakna Íslands oft, og þá sérstaklega vina minna heima á Íslandi.“

Fylgist með Alexander á Instagram @alexander.gudmundsson\_

## SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:



- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjós og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættari starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)


Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3 Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

# BIOThERM

THE POWER OF LIFE PLANKTON™



CHRISTY TURLINGTON BURNS

BIOThERM.DK

COMMITTED TO  
A BETTER FUTURE  
FOR OUR OCEANS  
SINCE 2012



**KEMUR Í VEG FYRIR ÖLDRUNAREINKENNI  
VEGNA SKORTS Á ÞÉTTLEIKA HÚÐAR**

HÚÐIN FÆR LYFTINGU, ÞÉTTLEIKA OG ENDURHEIMTIR LJÓMA

**BLUE THERAPY LÍNAN**

„Red Algae“ er einstakur rauðþörungur sem finnst við strendur Atlantshafs. Biotherm gefur einstaka blöndu þörunga og kollagenpeptíða sem veita húðinni þéttleika, lyftingu og aukinn teygjanleika. Blue Therapy Red Algae línan býður nú einnig upp á ríkt, lyftandi dagkrem fyrir þurra húð og nærandi næturkrem.

# BIOThERM KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI  
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 11. - 14. MARS.

**20% AFSLÁTTUR AF**  
ÖLLUM BIOThERM VÖRUM

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr. eða meira á meðan birgðir endast.

## BLUE THERAPY

Red Algae krem 10 ml,  
næturkrem 5 ml,  
augnserum 3 ml,  
Life Plankton ELIXIR 7 ml  
og Total Renew Oil 30 ml.



## AQUASOURCE

Aquasource Gel 20 ml,  
Night SPA krem 20 ml,  
Life Plankton ELIXIR 7 ml,  
Eau Micellaire vatn 30 ml og  
Lait Corporel body lotin 40 ml.



 Lyf & heilsa





# Bakað af alúð

Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki



Chrysler Pacifica Touring Hybrid. 12/2018 ekinn aðeins 12 þ. Km. 7 manna. Uppgefin drægni 53 km. á rafmagni. Leðursæti. Rafdrifnar hurðir og skott lok. Ofi fol. Verð: 6.890.000,-



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 1.284.000 undir listaverði á aðeins 4.990.000,-

## Þjónusta

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Bókhald

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
[retta.is](http://retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)

## HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
[www.hsebokhald.is](http://www.hsebokhald.is)  
[hsebokhald@hsebokhald.is](mailto:hsebokhald@hsebokhald.is)  
Sími: 6926910

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spórslum hús og mannvirkni innan sem utan. Við háþrýstipvöum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## HELLULAGNIR

Ásgarðar tekur að sér allar almennar hellulagnir. Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið. Áralöng reynsla vönduð vinnubrögð Gerum tilboð að kostnaðarlausu Email: [hellulogn@gmail.com](mailto:hellulogn@gmail.com) S. 898 6085 og S. 848 6564



## Rúnar Múrari ehf

Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir - Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.  
<https://runarmurari.is>

## Húsfélög, einstaklingar eða fyrirtæki



### Ert þú í framkvæmdarhug?

Við tökum að okkur  
- Ástandsskoðun fasteigna  
- Aðstoð við samningsgerð  
- Eftirlit  
- Verk & kostnaðaráætlun.

STYRA.IS  
S. 793-1919  
[verk@styra.is](mailto:verk@styra.is)

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Múrarar

Get bætt við mig flíslögnum og mürvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

## Rafvirkjun

### Löggiltur Rafverktaki

Tökum að okkur öll raflagnaverk með litlum fyrirvara. T.d. uppsetningar á hleðslustöðvum og töfluskípti. Tilboð eða tímavinna. Áratuga reynsla og fagleg vinnubrögð. Uppl. í s. 839-3444 og 834-4001 og [ingi@orkuval.net](mailto:ingi@orkuval.net)

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —  
Beinn sími: 550 5625  
Sólufulltrúar:  
Hannar Helgason, [hannarfrettabladid.is](http://hannarfrettabladid.is)  
Anna Rut Kristinsdóttir, [arnarutfrettabladid.is](http://arnarutfrettabladid.is)

## Keypt & Selt

### Til sölu



Ekki er próf. Engin trygging.  
**RAFVESPA**  
60V/900W með 60 km. drægni. Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði. Rauð, svart eða hvít.

**Kr. 179.000,-**  
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - [nitro.is](http://nitro.is)

### Óskast keypt

### STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Tilkynningar

### Einkamál

## DEIT.IS

### STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## GEFÐU HÆNU

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Hafðals hótél við Akureyri



Nýlegt hótél, stór og góð herbergi. fallett útsýni. 7. mín. aksturssfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.

Bókanir á [www.hafdals.is](http://www.hafdals.is)  
Sími 898 8347



## Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

### Borun þriggja nýrra hola á Hellisheiði

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is). Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 12. apríl 2021.



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!


Stærð	Gæðing	Gæðing	Gæðing	Umræning	Sveiging
124.500 kr.	177.000 kr.	239.000 kr.	257.000 kr.	285.000 kr.	278.000 kr.

Íslensk framleiðsla í 38 ár  
Auðbrekku 6 200 Kópavogi  
Sími 565-8899 [normx@normx.is](http://normx@normx.is)

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætavíðgerðir, motorhjóra og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

### Formbólstrun

Hamborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hs@bolstrun.is](http://www.hs@bolstrun.is)

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við. [www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)



## Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞAREFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

### FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)





STÆRSTA OG SKEMMTILEGASTA  
**GOLFMÓT**  
ÁRSINS Á STÖÐ 2 GOLF



THE  PLAYERS®

11.-14. MARS

TPC SAWGRASS | PONTE VEDRA BEACH, FL



Tryggðu þér áskrift í dag á [stod2.is](http://stod2.is)

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

- 1950** Kvikmynd Óskars Gíslasonar, Síðasti bærinn í dalnum, er frumsýnd.
- 1971** Lög eru sett um happdrættislað ríkissjóðs til fjáröflunar fyrir vegar- og brúargerð um Skeiðarársand.
- 1977** Bandaríska teiknimyndin Ævintýri Bangsímóns er frumsýnd.
- 1984** Guðlaugur Friðþórsson nær að synda um fimm kílómetra leið í land í Eyjum þegar Hellisey VE 503 ferst.
- 1985** Mikhail Gorbatsjov verður leiðtogi Sovétríkjanna.
- 1990** Litháen verður sjálfstætt ríki með Vytautas Landsbergis sem forseta.
- 1993** KR-klúbburinn er stofnaður í Reykjavík.
- 2005** Nintendo DS-leikjatölvan er gefin út í Evrópu.



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

### Guðrún Þóra Hjaltadóttir

Grænumýri 12, Seltjarnarnesi,  
varð bráðkvædd aðfaranótt  
sunnudagsins 7. mars.  
Útförin verður auglýst síðar.

Sara Þórunn Óladóttir Houe Sölvi Þórðarson  
Hjalti Thomas Houe Sólrun Fönn Þórðardóttir  
og barnabörn.



Útför elskulegrar móður okkar,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Ernu Sigurbaldursdóttir

frá Ísafirði,

fer fram frá Fossvogskirkju,  
föstudaginn 12. mars kl. 13.

Allir velkomnir en í ljósi aðstæðna eru  
gestir beðnir um að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu  
og símanúmer.

Hólmfríður S. Sigurðardóttir Ragnar Stefánsson  
Pétur Örn Sigurðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Bragi Valdimarsson

Kirkjuvegi 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,  
laugardaginn 20. febrúar. Útförin hefur  
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Magnús Bragason Heidrun Bragason  
Elfa Björk Bragadóttir Úlfar Hentze Pálsson  
Valdimar Bragi Bragason Bianca Pinho  
Nanna R. Vollmar Kr. George Michael Vollmar  
Þór Reykþjörð Kristjánsson Elfa Guðbjartsdóttir  
Vernharður Óskar Kristjánsson Renée Ahlberg  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu  
okkur samúð og vinsemd við andlát  
og útför elskulegrar eiginkonu minnar,  
móður, tengdamóður, ömmu  
og langömmu,

### Margrétar Þorbjargar Jafetsdóttir

hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Eir fyrir góða umönnun.

Óskar Ólafsson  
Björg Þorsteinsdóttir  
Jafet Óskarsson  
Þórólfur Óskarsson  
Hrafnhildur Óskarsdóttir  
ömmubörn og langömmubörn.  
Maria Sigurjónsdóttir  
Kristjana Skúladóttir  
Jens Jenson



Kristín segir lítið mál að verða sjötíu og fimm ára en ætlar að fara varlega í veisluhöldum út af veirunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

## Aldurinn er ánægjuefni

Kristín Steinsdóttir rithöfundur er sjötíu og fimm ára í dag. Hún er ekkert að setjast í helgan stein heldur að byrja á nýrri bók, enda var þeirri síðustu vel tekið.

Fólk er að spyrja mig hvernig það leggist í mig að verða sjötíu og fimm ára, eins og það leggist eitthvað í mig? Ég lít bara á það sem ánægjuefni og ætla síðar að halda sérstakt barnabarna-afmæli. Ég á son sem búsettur er í Bandaríkjunum, en tvö börnin mín hef ég nálægt mér og við ætlum að hittast á afmælinu og örfáir vinir mínir. Ég er að passa upp á fjöldann, því það er víst einhver veira í gangi. Það er sagt svo. Nú liður senn að því að ég og mínir jafnaldrar fáum bólu-efni. Strákurinn minn, Steinn, sem býr í Ohio State, sagði nýlega að þetta væri í fyrsta skipti sem hann óskaði þess að vera orðinn fimmtugur, því nú er farið að bólusetja þá íbúa þar sem eru fimmtugir og eldri.“

Eins og margir vita þá ólst Kristín upp á Seyðisfirði og segir sér oft hafa verið hugsað þangað austur eftir nátt-



### Hefði sprengjan hitt tankana þá hefði trúlega allt plássíð brunnið.

úruhamfarirnar í desember. „Ég hefði aldrei trúað að það gætu komið skriður úr Botnunum, þeir voru taldir öruggir. Það eru sko Efri-Botnar og Neðri-Botnar. Í þeim efri eru klettur og við vissum að ef þaðan losnaði grjót þá færi það bara ofan í Neðri-Botna og stoppaði þar. Þess vegna byggðu menn rólegir upp í Botnahliðina. En nú varð regnvatnið svo þungt og mikið að það setti allt af stað og ruddi niður þessum stóru skriðum.“

Kristín segir kraftaverk að allir skyldu lífi halda, en það sé ekki í fyrsta sinn sem verndarhendi sé haldið yfir Seyð-

firðingum. „Þegar olíuskipinu El Grillo var sókkt 1941 þá geigaði sprengjan sem Þjóðverjarnir sendu niður á skipið þar sem það lá úti á Pollinum, sneisafullt. Hefði sprengjan hitt tankana þá hefði trúlega allt plássíð brunnið. Þetta gerðist áður en ég fæddist en þegar ég var krakki voru fjórurnar heima kol-svartar af oliu. Við máttum náttúrulega ekkert vera að leika þar, en auðvitað gerðum við það.“

Að sjálfsgöðu er Kristín að skrifa. „Ég er svona að fara af stað. Það er gott og gaman að hafa verkefni að fast við. Síðasta bók seldist vel og margir hafa lesið hana. Fyrst Forlagið vill gefa mig út þá veit ég ekki af hverju ég skyldi hætta. Við erum nokkur ritkvendi sem hittumst reglulega og borðuðum saman einu sinni í mánuði, áður en COVID kom og söknum þess allar núna – en við munum taka upp þráðinn aftur.“

gun@frettabladid.is



### Auður Halldórsdóttir

sem lést þann 6. mars verður  
jarðsöngin frá Háteigskirkju,  
mánudaginn 15. mars kl. 13.  
Vegna fjöldatakmárkana verður  
útförinni streymt á slóðinni:  
www.sonik.is/audur

Ingólfur H. Eyfells  
Ólafur Lúðvíksson

Hrafnhildur Eyfells  
Gunnhildur Viðarsdóttir  
og fjölskyldur.



### Dagmar Didriksen

fyrirverandi kaupmaður,

lést þann 3. mars sl. á  
Borgarspítalanum. Jarðarförin fer fram  
frá Langholtskirkju þann 19. mars kl.  
15.00 – allir velkomnir meðan húsrúm  
leyfir. Útförinni verður streymt á slóðinni  
facebook.com/groups/3944686638927674

Rúna Didriksen  
Bjarma Didriksen  
Siri Didriksen  
Ríta Didriksen  
Schumann Didriksen  
Júlíus Didriksen  
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Gunnarsson

Ásmundur Pálmason  
Heidi Didriksen



### Mikael Már Pálsson

Ástkær faðir minn,  
sonur okkar og bróðir,  
Hamrahlíð 9, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 2. mars.  
Hann verður jarðsöngin í Háteigskirkju  
fimmtudaginn 18. mars klukkan 13.

Jódis H. Runólfsdóttir  
Páll Jónsson  
Auður María Pálsdóttir  
Jón Gauti Pálsson  
Daniel Már Pálsson

Aðalrós Freyja Mikaelisdóttir  
Páll I. Pálsson  
Sigurrós Svavarsdóttir  
Thor Jochumsen  
Unnur Rán Reynisdóttir



### Margrét Jóna Finnbogadóttir

Barðastöðum 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. febrúar sl.  
Útför hennar fer fram frá Áskirkju  
16. mars klukkan 13.00.

Guðbjörg Runólfsdóttir  
Magnús Rúnar Runólfsson  
Margrét Runólfsdóttir  
Sigurður Heimir Runólfsson Gerður Helga Ásgeirsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



FALLEG GÆÐA HÖNNUN FYRIR BAÐHERBERGIÐ PITT



**25%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
VÖRUM FRÁ LAUFEN**

ALLT INN Á BAÐHERBERGIÐ FRÁ LAUFEN - OG FULLKOMNAÐU  
BAÐHERBERGIÐ MEÐ KARTELL AUKAHLUTUM!


MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ MIÐVIKUDEGINUM 3. MARS TIL OG MEÐ MIÐVIKUDEGINUM 24. MARS



**LAUFEN**

Skannið QR kóðann með  
símanum og sjáið nýjasta  
LAUFEN bæklinginn!



**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

Með fyrirvara um myndbrengr, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.  
Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 3. mars til og með 24. mars, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800  
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is  
badland@bauhaus.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Reykjavík



0 | 10  
°C ↓

Egilsstaðir



2 | 3  
°C ↓

Ísafjörður



-3 | 15  
°C ↓

Kirkjubæjarkl



6 | 1  
°C ↓

Akureyri



3 | 3  
°C ↓

Hveravellir



-4 | 13  
°C ↓

Norðan 8-15 m/s í dag, en 15-25 V-til, hvassast á Vestfjörðum. Dregur úr vindi í kvöld. Rigning eða snjókoma á Norður- og Austurlandi og hiti kringum frostmark. Stórhrið á Vestfjörðum og vægt frost. Yfirleitt þurrt fyrir sunnan og hiti að 5 stigum.

## Föstudagur

Reykjavík



2 | 4  
°C ↓

Egilsstaðir



1 | 11  
°C ↓

Ísafjörður



-3 | 9  
°C ↓

Kirkjubæjarkl



4 | 11  
°C ↓

Akureyri



0 | 6  
°C ↓

Hveravellir



-4 | 11  
°C ↓

## Laugardagur

Reykjavík



-3 | 9  
°C ↓

Egilsstaðir



-4 | 4  
°C ↓

Ísafjörður



-3 | 9  
°C ↓

Kirkjubæjarkl



0 | 5  
°C ↓

Akureyri



-4 | 4  
°C ↓

Hveravellir



-11 | 11  
°C ↓

### LÉTT

1						5	9
8			3	7	1		
			4				2
						7	3
	5	9	6	7	2	8	
6		1		8		4	5
			5	1	6		
	6		8				3

### MIDLUNGS

				5			9
			4		9	5	
	3	5		8			6
	6	2	1	9			
8				4	6		
	9			7			2
2	8	9		1			
4	1		6				
	7	6		2			3

### PUNG

		8	3				
	1	6	8		7		3
		4			2	6	
		9		3			1
5			1			2	
8	3						
				2	6		
			7			3	9
			4	8			

### Krossgáta

#### LÁRÉTT

- svigna
- vafi
- röð
- dandalast
- tveir eins
- kvk nafn
- stell
- hnifur
- granaldin
- flott

#### LÓDRÉTT

- æska
- niður
- kjaffur
- pása
- spauga
- merkja
- talgalli
- þar til
- ryk

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 bogna, 5 efl, 6 fgl, 8 rangla, 10 nm, 11 rún, 12 sett, 13 kvli, 15 anaas, 17 smarr.  
LÓDRÉTT: 1 benska, 2 ofan, 3 gim, 4 arlat, 7 gantast, 9 greina, 12 stam, 14 uns, 16 ar.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (2.439) missti af laglegri vinningsleið á móti Hannesi Hlífari Stefánsyni (2.536) á Íslandsbikarnum.

Bragi lék **31. Df6** og tapaði um síðir. Hins vegar hefði **31. Rh5!!** gefið unnið tafl. **31...gxh5** er svarað með **32. Dg3+ Kh8 33. Hb8+**. **31...Rd6** er svarað með **32. Hf1! Kh8 33. Rf6+ Kh8 34. Dh4!!** Undanúrslit hófust í gær og verður framhaldið í dag.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Íslandsbikarinn – beinar útsendingar.

### Hvítur á leik



7	9	2	4	1	5	3	8	6
5	6	1	3	7	8	2	9	4
4	3	8	6	9	2	7	5	1
3	4	9	5	6	7	1	2	8
6	1	7	8	2	3	9	4	5
8	2	5	9	4	1	6	3	7
9	8	3	7	5	6	4	1	2
1	5	6	2	3	4	8	7	9
2	7	4	1	8	9	5	6	3

7	2	9	6	3	4	5	8	1
6	5	3	7	8	1	9	2	4
8	4	1	9	5	2	3	6	7
4	3	2	5	1	6	8	7	9
5	7	6	2	9	8	4	1	3
9	1	8	3	4	7	2	5	6
3	9	7	1	2	5	6	4	8
1	8	5	4	6	3	7	9	2
2	6	4	8	7	9	1	3	5

8	1	7	9	6	3	4	2	5
9	5	2	4	7	8	3	6	1
3	6	4	2	1	5	7	8	9
1	4	6	3	9	7	8	5	2
2	7	3	5	8	6	1	9	4
5	8	9	1	2	4	6	3	7
7	2	5	6	3	1	9	4	8
6	9	8	7	4	2	5	1	3
4	3	1	8	5	9	2	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus




## Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

## Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

## Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



MOTTUMARS  
mottumars.is  
**SAFNAÐU!**

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# Porsche frumsýnir Taycan Cross Turismo

Ný, fjórhjóladrifin langbaks-útgáfa Taycan verður aðeins boðin með fjórhjóladrifi og tveimur rafmóturum.

Porsche ætlar að halda áfram að bæta við Taycan-línu sína af rafmagnsbílum og nýjasta viðbótin þar er Porsche Taycan Cross Turismo. Að framan er bíllinn alveg eins og stallbakurinn en frá miðjum bíl aftur breytist allt. Þaklínar nær aftur eftir öllum bílnum með svipuðum hætti og á Panamera Sport Turismo. Fyrir vikið er meira rými í aftursætum auk þess sem farangursrýmið mun líkast til stækka í yfir 500 lítra. Einnig er bíllinn aðeins hærri á fjöðrun en hefðbundinn Taycan, en bíllinn hefur fengið endurhannaða fjöðrun auk akstursstillinga sem henta betur jepplingum. Á bíllinn að ráða betur við akstur á malarvegum, að sögn Stefan Weckbach, yfirmanni Taycan-línunnar.

Cross Turismo útgáfan mun nota sama vélbúnað og Taycan, en ódýr-



Taycan Cross Turismo er með öðrum afturenda en Taycan, en með sama undirvagni og rafbúnaði.

asta útgáfan er Taycan 4, sem verður með sömu 93,4 kWst rafhlöðu og allar hinar útgáfurnar, ásamt tveimur rafmóturum sem skila 380 hestöflum. Hægt er að kreista út allt að 476 hestöflum í smástund í svokallaðri „Overboost“ stillingu og er hröðunin þá 5,1 sekúnda í hundræði. Taycan 4S er 490 hestöfl, en Turbo og Turbo S útgáfurnar eru 625 hestöfl. Með „Overboost“ eru þeir 680 eða 761 hestöfl og alveg niður í 2,9 sekúndur að ná hundræði kílómetra hraða. Ólíklegt er að Cross Turismo verði boðinn með 322 hestafla rafmóturum sem er aðeins fyrir afturdrif, en Porsche hefur sagt að bíllinn verði aðeins í boði með tveimur rafmóturum og fjórhjóladrifi.

Næsti rafjepplingur Porsche verður svo rafdrifinn Macan, sem seldur verður sem nýr bíll frá 2022 ásamt eldri bílnum þar til eftirspurn eftir brunahreyflum minnkar. Hefur Porsche íhugað að gera það sama við næstu kynslóð Cayenne líka.



Útskiptanlegar rafhlöður í motorhjól.

## Rafhlöðusamstarf motorhjólamerkja

Honda, Yamaha, KTM og Piaggio hafa tekið saman höndum um að þróa staðal fyrir rafhlöður sem hægt verður að skipta út í öllum rafdrifnum ökutækjum þeirra af minni gerðinni. Er þar átt við motorhjól, skútera, fjórhjól og fleira. Auk þess ætla fyrirtækin að hafa samstarf um að þróa tækni til að auka drægi og hleðslutíma slíkra ökutækja. Hefst samstarfið strax á þessu ári og verður það í samstarfi við stofnanir sem sjá um að lögleiða slíka hluti, eins og ESB sem dæmi, sem þýðir að samstarfið gæti haft áhrif á mengunareglugerðir.

Að sögn Noriaki Abe, framkvæmdastjóra motorhjóladeilar Honda, er rafvæðing ökutækja að aukast mikið og þá sér í lagi í Evrópu. „Til að rafdrifin motorhjól nái útbreiðslu þarf að útiloka vandamál eins og drægi og ferðatíma og eru útskiptanlegar rafhlöður lausn sem lofar góðu,“ sagði Noriaki Abe einnig.

## Fyrstu myndir af nýjum Kia EV6

Kia sýndi í dag fyrstu myndirnar af nýjum rafbil sem ber heitið EV6. Um er að ræða sportlegan jeppling sem er hreinn rafbil og fyrsti bíllinn af nýrri kynslóð rafbílanna Kia.

Njáll Gunnlaugsson  
njall@frettabladid.is



EV6 verður frumsýndur í vor og er mikil eftirvænting eftir komu hans á markað. Þetta er fyrsti bíll Kia sem byggður er á nýjum E-GMP undirvagni (Electric-Global Modular Platform) sem er sérstaklega hannaður fyrir rafbíl. Þessi nýi undirvagn verður notaður í næstu kynslóðir rafbílanna hjá Kia. Hinn nýi EV6 er þróaður samkvæmt nýrri hönnunarheimspeki Kia sem einblínir á rafbíl framleiðandans. Hönnunin er djörf og framsækinn í takti við þær nýjungar sem raf-

bílar kalla fram. Kia kynnti einnig í dag nýtt nafnakerfi á rafbílanna sína. Þeir munu allir heita EV og síðan mun tölustafur fylgja á eftir. Það er margt spennandi í gangi hjá Kia, en bílframleiðandinn kynnti nýverið nýtt vörumerki sem er einn liðurinn í umbreytingu fyrirtækisins, í þá átt að gera það enn meira spennandi og framsæknara. Nýja merkið á að höfða til ört stækkandi viðskiptavinahóps Kia, þar sem vinsældir rafbílanna og sérsmíðaðra ökutækja eru sniðnar að þörfum notenda á mörkuðum um allan heim.



EV6 jepplingurinn er fyrsti bíll Kia með nýrri kynslóð rafbílundirvagns.

## VW Project Trinity er næsta kynslóð rafbílanna

Volkswagen hefur látið frá sér upplýsingar um Project Trinity, sem er næsta kynslóð rafbílanna frá merkinu og áætlað er að verði frumsýnd árið 2026. Að sögn talsmanna Volkswagen mun hann setja ný viðmið í hleðslugetu, drægi og sjálfkeyrslu. Þegar hann kemur á markað mun hann geta hlaðið sig rafmagn jafn hratt og bíll fyllir tankinn af bensíni, segir Volkswagen. Hann á einnig að verða í forystu þegar kemur að drægi, en það mun vera vegna þess að sérstök áhersla hefur verið lögð á

að minnka þyngd bílsins, en það er einn af veikum punktum rafmagnsbílanna. Einnig verður bíllinn búinn hugbúnaði sem getur látið hann keyra á fjórða stigs sjálfkeyrslu, en í dag eru engin lög sem leyfa bílum að nota það stig. Útlit bílsins er aðeins sýnt á mynd frá Volkswagen og er hliðarsvipur hans ekki ólíkur Tesla Model S. Á annarri skyggju frá fyrirtækinu er bíllinn sýndur undir dúk en þar virkar hann breiðari en hefðbundinn bíll og því með meira innanrými en gengur og gerist.



Þótt það sjáist ekki á þessari mynd verður bíllinn breiðari en gengur og gerist.

## Tilkynnt um listann í vali á Heimsbíl ársins

Í framhaldi af vali á Bil ársins í Evrópu hefur verið tilkynnt um lista þeirra bíla sem eru í forvali á Heimsbíl ársins. Tilkynnt er um tíu bíla í úrslitum og fimm bíla í hverjum undirflokki, sem eru Borgarbill ársins, Lúxusbíll ársins, Sportbill ársins og Hönnun ársins. Tilkynnt verður um valið þann 20. apríl næstkomandi.

Til að geta tekið þátt í valinu þurfa bílarnir að vera framleiddir í meira en 10.000 eintökum á ári og vera boðnir á allavega tveimur markaðssvæðum, eins og Evrópu, Kína, Norður-Ameríku og svo framvegis. Auk þessu eru reglur um flokkana, eins og að Borgarbill ársins má

ekki vera lengri en 4.200 mm sem dæmi. Það kemur því ekki á óvart að bílar frá Austur-Asíu séu á lista þar, en þeir eru Honda Jazz, Honda e, Hyundai i10 og i20 og Toyota Yaris.

Lúxusbílnir eru fjölbreyttari, en þar náðu inn Aston Martin DBX, BMW X6, Land Rover Defender, Mercedes-Benz S-lína og Polestar 2. Sportbílnir voru af ýmsum gerðum, Audi RS Q8, BMW M2 CS, BMW X5M, Porsche 911 Turbo og loks Toyota GR Yaris. Hönnun ársins kemur svo úr mörgum öðrum flokkum, en þar hlutu náð Honda e, Land Rover Defender, Mazda MX-30, Polestar 2 og Porsche 911 Turbo.



Toyota Yaris var nýlega valinn Bill ársins í Evrópu og er hér í úrslitum, og þá einnig í sportbílaflokki í GR útgáfu. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Hér má svo sjá lista bílanna í úrslitum:

Audi A3  
BMW 2 Gran Coupe  
BMW 4  
Honda e  
Kia Optima  
Kia Sorento  
Mazda MX-30  
Mercedes-Benz GLA  
Toyota Yaris  
Volkswagen ID.4

# Þá verður bara að kalla út varðskip

**Hálfur álfur, heimildarmynd Jóns Bjarka Magnússonar um afa hans og ömmu, Trausta og Huldu, hefur verið valin í aðalkeppni breskrar kvikmyndahátíðar sem fram fer dagana 16. til 28. mars. Sýningar í Bíó Paradís hefjast 25. mars.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



**S**terk og heilsteypt saga, einlæg og tilgerðarlaus frásögn, mynd sem hrifur mann með sér frá fyrstu mínútu og fær mann til að hlæja og gráta á víxl.“ Þetta stendur meðal annars í vitnisburði dómnefndar Skjaldborgarhátíðarinnar síðasta haust um heimildarmyndina Hálfur álfur, sem hlaut þar dómnefndarverðlaunin Ljóskastarann. Um er að ræða fyrstu heimildarmynd Jóns Bjarka Magnússonar mannfræðings, í fullri lengd. Hún var tilnefnd sem bjartasta vonin á Nordisk Panorama og valin í aðalkeppni kvikmyndahátíðar Hinnar konunglegu bresku mannfræðistofnunar (RAI) sem hefst nú um miðjan mars. Íslendingar eiga kost á að sjá hana í Bíó Paradís frá og með 25. mars.

## Kapphlaup við tímann

Höfundurinn, Jón Bjarki, er á vertíð í Vestmannaeyjum til að greiða upp framleiðslu verkefnisins, en gefur sér tíma til skrafs um myndina sem honum þykir mjög vænt um enda fjallar hún um afa hans og ömmu, Trausta Breiðfjörð Magnússon og Huldu Jónsdóttur. Hafði oft dvalið hjá þeim á Saudanesi við Siglufjörð þar sem þau sinntu vitavörslu í 39 ár. Þau voru flutt til borgarinnar þegar myndin var tekin og nálgðu-ust bæði aldarafmælin enda áttaði Jón Bjarki sig á að senn hyrfu þau úr þessum heimi.

„Ég byrjaði 2017 en aðaltökur fóru fram 2018. Á þeim tíma voru elligliðir afa farin að láta á sér kræla og ég að keppast við að ná smá-



atriðunum. Hann var 99 ára, enn að vakna eldsnemma og búa til grautinn sinn, svo fór hann mikið í göngutúra en amma var meira inni að lesa, elskaði bækur en sjónin var farin að daprast.“

Hálfur álfur er ekki dæmigerð viðtalsmynd, að sögn Jóns Bjarka, sem lagði mikið upp úr því að festa hinn daglega veruleika gömlu hjónanna á filmu. „Ég varði heilu og hálfu dögnum með þeim í litlu kjallaraíbúðinni þeirra við Austurbrún og eftir því sem á leið urðum við myndavélina æ samofnari þeirra veröld, svo að undir lokin voru þau farin að karpa eins og engin kamera væri á svæðinu,“ segir Jón Bjarki og hlær við.

Eitt af því sem hann kveðst hafa lagt mikið upp úr var að ná góðu skoti af afa sínum á göngu. „Við tókum eina töku sem átti að vera æfingataka, en þetta varð síðasti góði göngutúrinn hans, hann lenti í að detta stuttu seinna og fór ekki í fleiri túra nema með göngugrind. Þetta var svona kapphlaup við tímann. Hann var á síðustu metrunum og í myndinni er hann að undirbúa jarðarförina sína, láta smíða kistuna og líka að undirbúa 100 ára afmælið. Þau voru ekki alltaf sam- mála afi og amma og ömmu fannst



Afinn er ánægður með það framtak Jóns Bjarka að mynda þau hjón en ömmunni finnst það ekki jafn sniðugt.

Trausti Breiðfjörð borinn til grafar í Árneskirkjugarði á Ströndum í mars 2019.

**EFTIR ÞVI SEM Á LEIÐ URÐUM VIÐ MYNDAVÉLIN Æ SAMOFNARI ÞEIRRA VERÖLD.**

stjörnsemin ganga nokkuð langt hjá þeim gamla þegar hann var farinn að undirbúa eigin útför.“

Þegar Jón Bjarki lagði af stað í verkefnið segir hann afa sinn hafa verið í forgrunni. „Afi hafði gaman af myndavélinni og það varð allt svolítið flæðandi í kringum hann en það tók lengri tíma að finna réttu leiðirnar að ömmu. Henni fannst þetta allt óþarfi, það væri ekkert að fréttu. Því fór myndin í þær áttir sem hún vildi, en þó að fókussinn sé mikið á þeim gamla, þá sýnir hún líka persónuleika ömmu og það hversu ólík þau voru.“

## Álfatrúin sterk

Margir þræðir liggja að titli myndarinnar, Hálfur álfur, að sögn Jóns Bjarka. „Afi var Strandamaður og hann átti sögur af álfum. Hljóp oft að heiman frá sér á Gjögri til Viltborgar, ömmu sinnar á Felli, sem er næsti bær við Krossnes, hún var baráttukona fyrir álfa. Hann sagðist



Jón Bjarki er á vertíð í Eyjum að vinna fyrir framleiðslu- kostnaði myndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hafa séð álfa og lýsti þeim fyrir mér. Þegar ég var að vinna myndina fór hann að finna fyrir löngun til að breyta nafninu sínu í Álfur auk þess sem álfar fóru að heimsækja hann í draumi jafnt sem vöku. Þetta var lokakaflinn í lífi hans en hann náði því að verða 100 ára. Hann vildi láta grafa sig norður á Ströndum. Ömmu fannst það alveg ómögulegt. „Hvað ef það verður ófært?“ sagði hún. „Þá verður bara að kalla út varðskip,“ sagði gamli vitavörðurinn, sem fór jafnframt fram á það við barnabarnið að það festi jarðarför hans á filmu.

„Afi féll frá í mars 2019, það var vetrarveður en við náðum norður milli stórhriða, öll hersingin, amma, prestur og söngvari, útförin var í Árnesi og það var sólargæta í fjallinu meðan á athöfninni stóð en þegar kistan var borin út kom blindbylur og við þurftum að þjóta aftur suður til að lokast ekki inni. Amma lifði í ár eftir fráfall afa. Hún vildi fá að hvíla í Garðakirkjugarði á Álftanesi við hlið Söllu dóttur þeirra. Sagðist vera búin að fylgja afa í 70 ár og færi ekki að elta hann norður á Strandir eftir að hún væri öll. Þetta væri komið gotti!“

## Sumarlög, matarlög og lög um ástina

Tónleikar í Breiðholtskirkju á laugardaginn, 13. mars, bera yfirskriftina Eyrnakonfekt. Þar koma fram fjórir söngvarar og einn pianóleikari og flytja fjöldann allan af samsöngslögum, svo sem dúettum, tríóum og kvartettum. Lögina skiptast í þrjá flokka eftir efni: sumarlög, matarlög og lög um ástina.

Þórunn Guðmundsdóttir, söngkona og deildarstjóri söngdeildar MÍT, er höfundur bæði tónlistar og texta. Flestir textarnir eru drepfyndnir, þar eru orðaleikir og húmor allsráðandi og tónlistin er á léttum nótum. Svo eru flytjendurnir nógu ruglaðir til að gera eitthvað skemmtilegt úr öllu sem lagt er fyrir þá, það viðurkenna þeir fúslega sjálfir!

Tónleikarnir hefjast klukkan 15.15 í Breiðholtskirkju. Það er ekki alveg út í hött því þeir tilheyra tónleikaröðinni 15:15. –gun



Flytjendurnir Björk Nielsdóttir sópran, Eva Þyri Hilmarsdóttir pianóleikari, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Hafsteinn Þórólfsson barítón og Erla Dóra Vogler mezzó-sópran. Fremst er Þórunn Guðmundsdóttir, höfundur tóna og texta.

**Manic Panic**  
hárlitir & aftlitunarefni  
sendum samdægurs

**Hokus Pokus**  
www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955



# Vorerikurnar eru komnar



Vorerikur  
Blómapottar seldir sér.  
**779 kr/stk.**

**40%**

Túlípanar  
10 stk.  
**1.490 kr**  
~~2.490 kr~~



**23%**

Krýsi  
10,5 cm pottur.  
11400104  
**999 kr**  
~~1.290 kr~~



**28%**

Rósir  
10,5 cm pottur.  
10323787  
**1.290 kr**  
~~1.790 kr~~

**33%**

Ástareldur  
10,5 cm pottur.  
11328305  
**999 kr**  
~~1.490 kr~~



Ný sending af  
**potta-  
plöntum**  
í hverri viku

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Únvalgetur verð mótisjafnt milli verslana.



**33%**

LAUFEN+  
Veggskál + seta  
7920021  
**39.990 kr**  
~~59.845 kr~~

**25%**



Eldhústæki  
GROHE StarLight áferð,  
auðveldar þrif. 7911066  
**13.990 kr**  
~~19.3655 kr~~



**16%**

damixa™  
Sturtuset  
Silhouet sturtuset,  
svart. 8000059  
**99.990 kr**  
~~119.990 kr~~



**25%**


damixa™  
Eldhútblöndunartæki  
Silhouet, svart. 8000048  
**31.490 kr**  
~~41.990 kr~~



**20%**



Hillurekki Strong 175 Galva  
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur,  
hver hilla ber 175 kg. 5803673  
**5.830 kr**  
~~7.920 kr~~



Fjölnotavél MT300KA  
Sagar og pússar með superlock. Þyngd  
1,4 kg, Hraði 10.000 - 22.000. Mjúkt grip  
og 11 PIRANHA fylgihlutir. 6 sandpappír,  
fúguraspur, 4 blöð, 2 sköfður. Kapall 3 m.  
Taska. 5245980  
**14.995 kr**  
~~19.995 kr~~

**25%**



Juðari KA330E  
260W. 1/3 pappír ryksafnari  
cyclonic. 5245792  
**10.995 kr**  
~~13.995 kr~~

**20%**

BerlingerHaus™  
Pottasett ROSEWOOD  
10 stk. 2002935  
**18.476 kr**  
~~26.395 kr~~

**30%**

Kynningarverð  
**SAMSUNG**  
Snjallsjónvarp 55"  
4K UHD, upplausn 3840x2160.  
1860803  
**114.990 kr**  
~~129.990 kr~~

Snjallsjónvarp 75"  
4K UHD, upplausn 3840x2160.  
1860810  
**199.990 kr**  
~~229.990 kr~~



55" og 75"

55"  
**15 stk.**  
í boði

75"  
**10 stk.**  
í boði

Eingöngu í vefverslun og Skútuvoði



Frábært  
verð

**AEG**  
AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.  
Kolalaus mótör, vigtar þyngd þvottar.  
1860502  
**89.990 kr**  
~~94.990 kr~~



Sparaðu  
**10.000 kr**

**Electrolux**  
Þurrkari, barkalaus  
7 kg, orkuflökkur B, stærð: 85X59,6  
X57 cm, 67dB. 1835643  
**69.990 kr**  
~~79.990 kr~~

**20%**

**AEG**  
Ryksuga  
750/650W, 5 m snúra, ryksuguhaus  
fyrir parket og mottur. 1870001  
**13.590 kr**  
~~16.990 kr~~





blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

## Fallegra heimili

Parket og flísar

**25%**  
afsláttur



LADY málning 

**20%**  
afsláttur



Litakort Sir Arnars  
Gauta er komið  
í Húsasmiðjuna



## Fimmtudagur

SIR ARNAR GAUTI  
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

## HRINGBRAUT

- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 20.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís.
- 21.00 Suðurnesja-magasín Vikurfretta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

## RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**  
**09.10 Kastljós**  
**09.25 Menningin**  
**09.30 Tónatal - brot Jónas Sig-Psycho Killer**  
**09.35 Spænska veikin** Seinni hluti  
**10.15 Eldsmiðjan**  
**11.00 Upplýsingafundur Almannavarna**  
**11.30 Taka tvö** Þorfinnur Guðnason  
**12.20 Heimaleikfimi**  
**12.30 Íslendingar** Gylfi Þ. Gíslason  
**13.30 Lífsins lystisemdir** Strömsö  
**14.00 Óvæntur arfur**  
**15.00 Gert við gömul hús**  
**15.05 í fylgd með filum**  
**16.30 Gert við gömul hús**  
**16.40 Svikaþróð**  
**17.10 Sagan bak við smellinn - Take My Breath Away**  
**17.50 Táknafréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Allt um dýrin**  
**18.25 Lars uppvakningur**  
**18.40 Lúkas í mörgum myndum**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.05 Kveikur**  
**20.45 Grænmeti í sviðsljósinu - Gröntsagsfjersyn** Abi og Knoll elda dýrindis grænmetisrétti. Uppskriftirnar má finna á vefnum dr.dk/mad/opskrift/E.  
**21.05 Ljós móðirin** Call The Midwife  
**22.00 Tiufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 Glæpahneigð** Criminal Minds  
**23.00 Undirrót haturs** Why We Hate  
**23.40 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

- 08.30 European Tour 2021** Bein útsending frá Commercial Bank Qatar Masters.  
**13.30 PGA Special. The Alamo 2020**  
**14.20 PGA Highlights 2021**  
**15.15 PGA Special. Gary Player. Picture This**  
**16.10 PGA Tour. The Cut 2021** Skyggst á bak við tjöldin hjá PGA mótardöðinni.  
**16.35 PGA Tour 2021. The PLAYERS Preview Show**  
**17.00 PGA Tour 2021** Bein útsending frá The Players Championship.  
**23.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center**  
**23.20 PGA Special. In the Spotlight**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 13.00 Dr. Phil**  
**13.45 The Late Late Show**  
**14.30 Man with a Plan**  
**14.55 George Clarke's Old House, New Home**  
**15.40 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**  
**16.40 Family Guy**  
**17.00 The King of Queens**  
**17.20 Everybody Loves Raymond**  
**17.45 Dr. Phil**  
**18.30 The Late Late Show**  
**19.15 The Kids Are Alright**  
**19.40 Single Parents**  
**20.10 Með Loga**  
**20.45 Hver drap Friðrik Dór?**  
**21.25 Oprah with Meghan and Harry** Oprah Winfrey tekur einlægt viðtal við hjónakornin Meghan Markle og Harry Bretaprins. Þetta er fyrsta stóra sjónvarpsviðtalið sem þau fara í saman eftir að þau stigu til hliðar í bresku konungsfjölskyldunni.  
**23.05 The Late Late Show**  
**23.50 Station 19**  
**00.35 The Resident**  
**01.20 Law and Order. Special Victims Unit**  
**02.05 Your Honor**  
**03.05 The Walking Dead**  
**03.50 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Á reki með KK**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.03 Hádegð**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.42 Hádegisfréttir hluti**  
**13.00 Dánarfregnir**  
**13.02 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Á tónsviðinu**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Flakk**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Viðsjá**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestin**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Hljómboxið** Andrés Önd mættir Spojojng  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Mannlegi þátturinn**  
**20.00 Sinfóniútónleikar** Emília og Brahms  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.09 Lestur** Passiusálma (32 af 50)  
**22.15 Samfélagið**  
**23.10 Segðu mér**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.00 Leave No Trace**  
**12.45 Middle School**  
**14.15 The Children Act**  
**16.00 Leave No Trace**  
**17.45 Middle School**  
**19.15 The Children Act**  
**21.00 Power Rangers** Ævintýrleg spennumynd frá 2017 með stórskemmtilegum leikurum.  
**23.00 Casual Encounters**  
**00.20 My Friend Dahmer**  
**02.05 Power Rangers**

## STÖÐ 2

- 07.55 Heimsókn**  
**08.15 Veronica Mars**  
**09.05 Bold and the Beautiful**  
**09.25 The O.C.**  
**10.05 All Rise**  
**10.50 It's Always Sunny In Philadelphia**  
**11.10 Bibba flýgur**  
**11.35 Fresh off the Boat**  
**11.55 Dýraspítalinn**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Gossip Girl**  
**13.35 X-Factor Celebrity**  
**14.40 Tribe Next Door**  
**15.30 The Greatest Dancer**  
**16.40 All Rise**  
**17.35 Bold and the Beautiful**  
**18.00 Nágrannar**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakkinn**  
**18.55 Ísland í dag**  
**19.10 BBQ kóngurinn**  
**19.40 Temptation Island USA**  
**20.25 Hell's Kitchen USA**  
**21.10 The Blacklist**  
**21.55 NCIS**  
**22.45 NCIS. New Orleans**  
**23.25 Real Time With Bill Maher**  
**00.25 Tell Me Your Secrets**  
**01.15 Prodigal Son 2**  
**01.55 Finding Alice**  
**02.45 Veronica Mars**  
**03.25 The O.C.**  
**04.05 It's Always Sunny In Philadelphia**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**  
**20.00 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.45 The Office**  
**21.10 Who Do You Think You Are?**  
**22.15 Svínasúpan**  
**22.40 Nashville**  
**23.25 Roswell, New Mexico**  
**00.05 Friends**  
**00.30 Friends**  
**00.50 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

- 08.25 Víkingur - HK** Útsending frá leik í Grill 66 deildinni.  
**09.50 Haukar - Njarðvík** Útsending frá leik í Dominos deild karla.  
**11.30 Valur - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.  
**13.10 Valur - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.  
**14.50 Dominos Kórufuboltakvöld**  
**15.45 Justin Shouse - Kjúklingur og kórufubolti**  
**17.00 Dominos Kórufuboltakvöld - kvenna**  
**17.45 Hestalið. Helgi Björnsson**  
**18.05 Grindavík - Þór Þ.** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.  
**20.05 KR - Valur** Bein útsending  
**22.00 Dominos Tilþrífing 14. umferð**  
**22.45 Dominos Kórufuboltakvöld - kvenna**  
**23.25 Manstu 2**

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.45 Real Betis - Alavés**  
**09.25 Inter Milan - Atalanta**  
**11.05 Atlético Madrid - Athletic Bilbao**  
**12.45 Paris Saint Germain - Barcelona**  
**14.25 Liverpool - RB Leipzig**  
**16.05 Meistaradeildarmörkin**  
**16.35 Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar**  
**17.45 Slavia Prag - Rangers**  
**19.50 Olympiacos - Arsenal**  
**21.55 Spænsku mörkin**  
**22.45 Manchester United - AC Milan**  
**00.25 Tottenham - Dinamo**

## SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með glænýja þáttaröð af sínum vinsæla lífsstílsþætti. Fimmtudaga kl. 21.30, bara á Hringbraut.



HRINGBRAUT





STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:

UPPSELT 21. MARS!

AUKATÓNLEIKAR  
22. mars kl. 20.00  
Eldborg Hörpu



JÓN MÚLI  
ÁRNASON  
100 ÁRA

GESTASÖNGVARAR

Ellen Kristjánsdóttir  
Jón Jónsson  
Sigríður Thorlacius  
Sigurður Guðmundsson

STJÓRNANDI & KYNNIR

Sigurður Flosason

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050



Raya þarf að rata víða til að redda málunum.

## Kunnugleg stef á framandi slóðum

### KVIKMYNDIR

#### Raya og síðasti drekinn

★★★★★

**Leikstjórn:** Don Hall, Carlos López Estrada

**Leikarar:** Kelly Marie Tran, Awkwafina, Gemma Chan

Eftir að hafa heimsótt hvern einasta kastala Evrópu hefur Disney nýlega verið að dýfa tánum í nýjar og framandi slóðir, nú síðast í Pólýnesíu í hinu stórskemmtilega ævintýri Moana. Í þetta skipti er ferðinni heitið ofan í austrænan goðsagnasudupott í Rayu og síðasta drekanum.

Landið Kumandra naut áður velmegunar í skjóli góðhartaðra dreka en hnignaði þegar þeir hurfu eftir baráttu við ill öfl. Landið skiptist í kjölfarið í fimm hluta sem elda grátt silfur. Söguhetjan Raya fylgist með því hvernig tilraunir föður hennar til að sameina landið á nýjan leik misheppnast vegna vantrausts mannfólksins og illu öflin dúkka aftur upp. Nú er það undir Rayu og litskrúðugu föruneysi hennar komið

að bjarga heiminum og sameina landið á ný.

#### Blessuð börnin

Raya og síðasti drekinn er líklega best útlítandi mynd sem Disney hefur gefið frá sér í þrívídd. Umhverfið er bæði fjölbreytt og gullfallett og mikil natni hefur verið lögð í öll smáatriði. Persónurnar eru lifandi og skemmtilegar og allur hasar er vel útfærður. Sögusviðið er innblásið af menningu fjölda Austurlanda og það er augljóst að eins og í Moana hefur Disney lagt mikla heimavinnu í að gæta þess að nálgast viðfangsefnið af virðingu.

Það er því synd að ekki virðist hafa verið jafnmikil vinna lögð í handritið þar sem úir og grúir afalls kyns klisjum. Raya og félagar ferðast heimshorna á milli í tilkomumiklum ratleik sem er reglulega brotinn upp, með boðskapnum um að við verðum öll að læra að treysta hvert öðru.

Uppbygging sögunnar minnir helst á tölvuleik þar sem, að settu takmarki náðu, er ferðast yfir í næsta borð. Þótt myndin sé ætluð yngri kynslóðinni hefur ráin verið

hækkuð allverulega á síðustu árum og því er engin afsökun að um barnamynd sé að ræða.

#### Gripandi heimur

Það er þó óþarfi að rægja síðasta drekan nokkuð frekar, sem er á heildina lítið vel heppnuð ævintýramynd, sem á frábæra spretti inn á milli. Raya og félagar lenda í alls kyns hasar á spennandi stöðum, á borð við þjófabæli í eyðimörkinni, fljóttandi stórborg og í frosnum bambusskógi. Þá er eltingaleikurinn við apakettina og þjófotta smábarnið sérstaklega minnisstæður.

Mögulega hefði sagan gengið betur upp sem þáttaröð þar sem betur hefði mátt skoða hvert heimshorn og persónurnar fengið svigrúm til að njóta sín. Það er þó aldrei að vita nema Disney heimsæki Rayu og Kumöndru aftur einhvern tímann í framtíðinni, miðað við gassaganginn í músinni þessa dagana.

**Arnar Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTADA:** Gullfallett og skemmtilegt ævintýri sem geldur fyrir klisjur í handriti.

## SjónWandamál

### SJÓNVARP

#### WandaVision

★★★★★

**Höfundur:** Jac Schaeffer

**Aðalhlutverk:** Elizabeth Olsen, Paul Bettany, Kathryn Hahn, Teyonah Parris

Martin Scorsese til mikillar mæðu kom það engum á óvart þegar Avengers: Endgame varð söluhæsta kvikmynd allra tíma. Marvel-bákn-ið hefur farið fram með offorsi um heim allan og velgengni myndarinnar var, rétt eins og skúrkurinn Þanos, óumflýjanleg.

Þrátt fyrir þessar miklu vinsældir voru sumir á því að Endgame væri, eins og nafnið gefur til kynna, fin endastöð fyrir ofurhetjubóluna og höfðu uppi stór orð um að þeir ætluðu sko ekki að fylgjast með því sem á eftir fylgdi. Biðþurrkurinn sem fylgdi faraldrinum var þó greinilega nóg til að kveikja þorstann á ný og fyrstu sjónvarpsþættir Marvel trektu vel að á Disney+.

Í fyrstu virðist WandaVision vera mesta áhætta sem Marvel hefur tekið til þessa. Þættirnir, sem marka innreið Marvel á streymisveituna, eru með tilraunakennda söguuppbyggingu og reida sig á að áhorfendur hafi séð heilan haug af kvikmyndum í seríunni. Áhætta Marvel er þó kannski ekki svo mikil þegar hundruð milljóna um heim allan horfa á allt sem frá þeim kemur.

#### Svarthvít ráðgáta

Söguhetjurnar Wanda og Vision hafa til þessa verið í aukahlutverkum í Marvel heiminum og örlög þeirra í Endgame gáfu ekki beint til kynna að gamanþættir í úthverfunum væru eðlilegt framhald fyrir persónurnar.

Fyrstu þættirnir setja tóninn fyrir þáttaröðina. Svarthvítir í 4:3 myndhlutfalli, minna þeir einna helst á þáttaraðir frá sjötta og sjöunda áratugnum. Hver þáttur færir sögusviðið fram í timann og er stillt upp í anda vinsælla þátta frá hverju tímabili fyrir sig.

Í fyrstu virðast WandaVision á yfirborðinu vera léttir gamanþættir með dósahlátri. Þó koma reglulega augnablik sem benda til að ekki sé allt með felldu og áhorfendur verða að gera sitt besta til að átta sig á því af hverju Wanda og Vision eru samankomin í þessu furðulega umhverfi. Það er svo fyrir miðja seríu þegar hulunni er svipt af stöðu mála og heildarmyndin kemur í ljós.

Þótt það sé aðeins yfirskín

fyrir ráðgátuna, hefði áhorfendum líklega drepleiðst ef gamanið væri ekki vel heppnað. Sem betur fer tekst vel til og úr verður skemmtilegur óður til gamanþátta frá ýmsum köflum sjónvarpsögunnar. Líkt og svo margir vinsælir þættir eiga WandaVision sína bestu spretti áður en áhorfendur átta sig á ráðgátunni og það var gaman að fylgjast með Wanda og Vision takast á við léttvæg fjölskylduvandamál í úthverfunum.

#### Renna út í sandinn

Það var því leiðinlegt að sjá þættina missa dampinn í seinni hlutanum.



Után skjáheima var söguþráðurinn ekki jafn á hugaverður og persónurnar sómuleiðis heldur flatar. Frumleikinn vék fyrir hefðbundna ríforhetjustympingum og þótt þættirnir hafi alls ekki orðið leiðinlegir var niðurstaðan ekki jafn framúrsteftnuleg og þeir höfðu burði til.

Ein helsta ástæðan fyrir því að þáttunum tókst jafn vel til

og raun ber vitni, er frammistaða leikaranna, þá sérstaklega Elizabeth Olsen sem Wanda og Paul Bettany sem Vision. Þótt þau hafi til þessa aðeins fengið snefil af þeim skjátíma sem stærri hetjurnar hafa notið, er saga þeirra bæði hjartnæm og sorgleg. Þá er Kathryn Hahn líka góð í hlutverki Agnesar, hnýsna nágrannans.

Þótt WandaVision séu ekki fullkomnir og hafi runnið aðeins út í sandinn fyrir rest, sýna þeir þó að höfundar Marvel eru fullfærir um að fara ótroðnar slóðir þegar þeim sýnist. Kannski þeir komi áhorfendum á óvart á ný með Falcon and the Winter Soldier, sem taka við keflinu í næstu viku. Ekkert sérstaklega líklegt samt.

**Arnar Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTADA:** Skemmtileg tilraun Marvel til að brjóta upp formúluna. Hefðu mátt ganga lengra en á heildina lítið fin skemmtun.



## Ársfundur 2021

Ársfundur lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 23. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík. Vegna sóttvarnareglna stjórnvalda eru sæti í fundarsal takmörkuð.

Fundurinn verður einnig rafrænn, nánari upplýsingar eru birtar á vef sjóðsins.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tillögur skal senda á netfangið skrifstofa@live.is.

#### Dagskrá fundarins

- Venjuleg ársfundarstörf skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

live.is



LYFSALINN

# BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.  
Snertilausar afgreiðslur.

## APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur Bílaapótek - bakhlið



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ  
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI  
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00  
Opið 10.00 - 22.00  
Opið 8.30 - 18.00

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is  
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is  
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

[www.lyfsalinn.is](http://www.lyfsalinn.is)



Leiksyning fyrir börn og fullorðna

# Stúlkán sem stöðvaði heiminn

Alla laugardaga

— tryggðu þér miða á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



Karl ákvað að hætta að láta góðar hugmyndir frá sér og keyrði sixpensaraverslunina í gang. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kollurinn í lagi með pípuhatt og pensara

**Karl Örvarsson** er þekktari fyrir annað en kaupmennsku en hann rekur vefverslun með sixpensara sem hann tekur sjaldan ofan og þá ef til vill helst til þess að setja upp pípuhatt múmínabba.

**K**arl Örvarsson er maður ekki einhamur og bregður sér fyrirhafnarlítið í miklu fleiri kvikinda líki en Kára Stefánsónar, þótt hann hafi óneitanlega vakið mesta athygli sem slíkur undanfarið.

Kalli hefur þó einnig verið með puttana í tónlist sjónvarpsþáttanna Vikings og verið með veiruhelt uppistand á netinu, þar sem hann er einnig að hasla sér völl sem kaupmaður í vefversluninni sixpensari.is.

„Ég er náttúrlega búinn að ganga með sixpensara á höfðinu árum saman og ég var með pensara á hausnum þegar enginn var með þetta, held ég, nema þá bara einhverjir bændur,“ segir Kalli, sem stendur fast á því að „með kollinn í lagi kemstu langt.“

### Passar betur en buxur

Kalli segir hálfgerða tilviljun hafa orðið til þess að hann ákvað að fara út í netkaupmennsku með höfuðföt, en eftir langa sögu sem hér er gerð stutt hafi hann komist í samband við heilðsölu í Frakklandi og þá hafi ekki verið aftur snúið.

„Ég fæ svo bara þessa hugmynd að gera bara sjoppu og fara að selja þetta bara svona á netinu, enda er þetta kannski ekki vara sem þú þarft endilega að máta. Maður myndi halda að það væri erfiðara með buxur.“

### Bóndinn og gangsterinn

„Ég er með aðgang að töluverðu úrvali af þessu og fór að velja fyrir mér hvernig ég ætti að selja þetta og fór að velja inn tegundir sem ég tengdi við og nefndi eftir alls konar erkitýpum.“

Kalli býður þannig upp á bónd-



Chillian Murphy með sixpensara í Peaky Blinders.



Aðdáun Kalla á sixpensaranum endaði í vefverslun. MYND/ABSEND

ann, knapann, skyttuna, bóheminn, sjarmörinn, hipsterinn og gangsterinn. Sekt þess síðastnefnda er vitaskuld óumdeild þegar kemur að risi nýjustu sixpensara tiskubylgjunnar, í krafti glæpaþátta Peaky Blinders.

„Það er ekki spurning. Þeir eru mjög töff og lúkkið á Peaky Blinders er alveg milljón dollara,“ segir Kalli um sixpensaraglæpagengið, sem leikarinn Chillian Murphy fer óaðfinnanlegur í tauinu fyrir, með kollinn í lagi.

### Syngjandi í viking

„Það er alveg pensarasveifla í gangi. Maður tekur eftir því,“ heldur Kalli áfram og bendir á að dóttir hans sem býr í Danmörku hafi meira að segja tekið eftir þessu þar. „Þannig að við ákváðum bara að opna í Danmörku líka,“ segir Kalli og bætir við að útibúið í Danmörku sé rétt handan við hornið.

Þá stefni hann á enn meiri umsvif á vefnum með því sem hann kallar vefverslunarmiðstöð, þar sem írski útivistarfatnaðurinn Mac in a Sack er væntanlegur.

Kalli hefur því síður en svo setið

auðum höndum í kófinu þar sem lítið hefur verið að gera í tónlistinni og eftirhermubransanum og var til dæmis fram undir áramót með puttana í tónlist sjónvarpsþáttanna Vikings.

„Ég hafði sungið inn á efni fyrir kvikmyndatónskáldið bróður minn, Atla Örvarsson, og þannig hringdi Trevor Morris, sem er með tónlistina í þessum þáttum, í mig og spurði hvort ég gæti sungið fyrir sig.“

### Pípuhattur múmínabba

Það hélt Kalli nú, en forvitnaðist þó um hvenær tónlistin sem hann ætti að syngja við kæmi. „Þá segir hann mér það að ég þurfi að semja hana sjálfur. Ég væri með þetta víkingablóð og hlyti að vera betur til þess fallinn en hann. Og sem víkingur hélt ég það nú og þótti það auðvitað ekki leiðinlegt, út af því að ég veit að ég bý nú yfir þessum hæfileika að geta samið tónlist.“

Kalli segir fyndið hvernig tilviljanir virðist ráða því að óvænt verkefni eins og Vikings og lestur inn á teiknimyndir setti inn á borð hjá honum. „Það er hluti af minni föstu vinnu í dag að skottast út í Myndform í Hafnarfirði og vera meðal annars múmínabbi. Það er engin smá heidursstaða. Hann er vel giftur, á börn og er bara alveg toppnáungi, sem mér finnst virkilega gaman að vera samferða.“

[toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)

**BYKO**

**25%  
afsláttur**  
af öllum  
kósivörum



**25%  
afsláttur**  
af öllum  
vinnuljósum

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda út 17. mars 2021.

Reiknaðu út  
áætlaðan kostnað

í girðinguna og pallinn á byko.is



Fáðu tilboð

Vinsælasta pallefnið

**Alhefluð og  
gagnvarin fura**

Ný  
sending



Byrjaðu að  
plána sumarið

Pantaðu ráðgjöf við  
**Garðahönnun**

Björn Jóhannsson,  
landslagsarkitekt, veitir  
viðskiptavinum ráðgjöf vegna  
framkvæmda í garðinum.

**3D**  
myndir af  
garðinum

Skráning á netfangið  
[gardurinn@byko.is](mailto:gardurinn@byko.is)

Nánari upplýsingar á [byko.is](http://byko.is)



**25%  
afsláttur**  
af regnfötum  
& stígvélum



**25%  
afsláttur**  
af áltröppum  
& stigum



Verslaðu á netinu á [byko.is](http://byko.is)

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

## BAKÞANKAR

Thomasar Möller



## COvid og COtveir

Það er aðdáunarvert hve heimsbyggðin hefur brugðist vel við heimsfaraldrinum. Tugir lyfjafyrirtækja hafa þróað bóluefni og innan skamms verður búið að bólusetja alla heimsbyggðina. Það er eins og heimurinn hafi fengið bráðatilfelli sem var læknað strax.

Að sama skapi er sorglegt að sjá hve heimsbyggðin bregst hægt við öðru hættuástandi sem er CO2, eða loftslagsváin. Líklega er skýringin sú að hún læðist að okkur smátt og smátt og er ekki enn orðin bráðatilfelli. Óvinurinn er ósýnilegur eins og COVID en veldur ekki skaða strax eins og heimsfaraldurinn. En loftslagsváin gæti haft enn alvarlegri áhrif en COVID sem koma í ljós síðar á öldinni en því er spáð af helstu vísindamönnum heims að heimurinn okkar muni ná að verða bráðatilfelli í loftslagsmálum árið 2050. Loft og sjór hitna stöðugt og höfin súrna. Því þurfum við að bregðast við CO2 eins og við brugðumst við COVID.

Það sem við verðum að gera er að breyta lífsstíl okkar og daglegum venjum. Við þurfum að nýta matinn okkar betur en um þriðjung matar er hent í dag. Við þurfum að nota minna jarðefnaeldsneyti til ferðalaga og nýta hluti lengurhenda minna. Miklum breytingum er spáð á húsnæðisþörf á næstu árum þegar heimilið breytist í fjarkennslu-, fjarinnkaupa-, fjarþjálfunar- og fjarvinnustað. Við munum í auknum mæli þurfa að reiða okkur á matvæli úr nærumhverfinu. Hagvöxtur verður að byggjast á sjálfbærni í framtíðinni og verða nær eingöngu drifinn áfram af hugviti og nýtingu sjálfbærra auðlinda.

Verum ekki dæmd sem kynslóðin er brást seint og illa við loftslagsvánni. „Af hverju gerðuð þið ekkert?“ verður spurning komandi kynslóða til okkar ... ef við bregðumst ekki strax við, eins og við gerðum með COVID.



# Snjallt sem þú óskar þér!



Umíðigi Urun

**14.392 kr.**

Fullt verð: 17.990 kr.



Samsung Galaxy Buds+ fylgja

Samsung Galaxy S21 128GB

**149.990 kr.**



Klár fyrir 5G!

Apple iPhone 12 Pro 128GB

**199.990 kr.**



Apple Watch SE 40mm

**69.990 kr.**

44mm - 74.990 kr.



Xiaomi Rafskúta Pro 2

**79.990 kr.**



Xiaomi Rafskúta Essential

**49.990 kr.**



Apple AirPods (2019)

**26.990 kr.**

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA